



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 26/2012

vegna kvörtunar um frágang ljósleiðaralagna Gagnaveitu Reykjavíkur

I.

Kvörtun og kröfugerð

Þann 24. ágúst 2011, barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun [...]¹, til heimilis að [...]², Reykjavík, hér eftir nefndur kvartandi [A]. Laut efni kvörtunarinnar að bilun í ljósleiðaratengingu Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) og frágangi ljósleiðaralagna GR. Í kvörtuninni kom m.a. fram að kvartandi hafi haft samband við þjónustuaðila sinn, Fjarskipti ehf. (Vodafone), vegna þjónusturofs tveggja íbúða sem tengdar voru ljósleiðarakerfi GR og með þjónustu í gegnum Vodafone en enga bilun væri að finna í kerfum þeirra síðarnefndu. Því hafi verið leitað til GR en samkvæmt fyrirtækinu hafi enga bilun verið að finna þar heldur. Mælingar á línunni af hálfu GR, annars vegar frá íbúðum og hins vegar frá dreifistöð hafi þó leitt í ljós rof á leiðara í um 60-65 metra fjarlægð frá íbúðum og rúmlega 300 metra fjarlægð frá dreifistöð.

Kvartandi hafði í kjölfarið aftur samband við Vodafone vegna bilunarinnar, sem hefði bent kvartanda á að hafa samband við GR vegna þessa. Fram kom af hálfu kvartandi að svör GR væru á þá leið að fyrirtækið bæri ekki ábyrgð á skemmdum á ljósleiðara sem kominn væri inn fyrir inntakskassa og að ábyrgð verktaka gildi einungis í 6 mánuði eftir að lögn væri sett upp. GR hefði hins vegar ætlað að athuga hvort verktaki væri tilbúinn að skoða málið. kvartandi tiltekur að hann hafi haft samband við GR þar sem ekkert hafi hins vegar heyrst frá þeim og fengið þau svör að verktaki hefði þvertekið fyrir að skoða umrætt mál þar sem ábyrgð væri runnin út og þar sem leiðarinn, frá inntakskassa væri ekki í eigu GR, þá væri ábyrgðin á húseigendum. Kvartandi tiltekur að hann hafi verið ósammála þessu og hefði því afráðið að mæla lagnalengd til að staðsetja bilunina og fundið út að líkast til væri hana að finna rétt fyrir innan inntakskassa.

Eftir að kvartandi hefði rætt við eiganda þess bílastæðis þar sem inntakskassann var að finna hefði komið í ljós að sá aðili hefði sett upp skáp á vegg þar sem ljósleiðaralögn var á. Ennfremur hafi komið í ljós að þegar verið var að taka lögnina inn í bílakjallarann hefði eigandi bílastæðisins mótmælt staðsetningu inntakskassans en verið tjáð af þeim sem unnu að uppsetningunni, að þeir hefðu fullan rétt og heimild til að staðsetja búnaðinn þar sem hann var settur. Bendir kvartandi á að staðsetning inntakskassans hefði verið í óþökk viðkomandi eiganda bílastæðisins en það hefði þó ekki verið ætlun hans að valda skemmdum þegar hann

¹ Nafn kvartanda afmáð vegna trúnaðar.

² Heimilisfang kvartanda afmáð vegna trúnaðar.

hafi sett viðkomandi skáp upp á vegg. Bendir kvartandi ennfremur á að framangreint sé á ábyrgð þeirra er unnu að uppsetningu og frágangi ljósleiðaralagna sem kvartandi telur vægast sagt forkastanlegan og að ófaglega hafi verið staðið að málum. Meðfylgjandi kvörtuninni var ennfremur að finna myndir af helstu ágöllum lagnarinnar að mati kvartanda. Taldi kvartandi ennfremur vafa leika á því að farið hafi verið eftir þeim helstu lögum og reglum sem gilda eigi um fjarskiptalagnir íbúðarhúsnæðis og vísaði því til stuðnings til 6. gr. og 10. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, 60. gr. fjarskiptalaga og 2. gr. 4. kafla TS 151:2009 sem fjallar um strengjalagnir. Telur kvartandi ef horft sé til fyrrgreindra lagagreina og reglna þá sé frágangi og uppsetningu verulega ábótavant og fer fram á að þau verði tekin til skoðunar. Telur kvartandi ljóst að sá kostnaður sem til fellur við lagfæringu lagnarinnar eigi greiðast af GR eða þess verktaka sem GR réð til verksins.

Samkvæmt bréfi, dags. 29. nóvember 2011, gerir kvartandi eftirfarandi kröfur:

1. Er GR heimilt að fara út fyrir gildandi reglur og staðla ef ekkert er því til fyrirstöðu að þeim sé fylgt til hlítar, og það án samkomulags við íbúa.
2. Er starfsmönnum/verktökum á vegum GR heimilt að haga málum eins og þeim sýnist þegar ekki liggur fyrir samþykki allra íbúa eða a.m.k. meirihluta þeirra.
3. Hvernig ber að túlka eftirfarandi setningu í 6. gr. reglna PFS um innanhússfjarskiptalagnir. „Í raðhúsum og parhúsum skal vera sérstakt inntak fyrir hverja húseiningu og í fjölbýlishúsum fyrir hvern stigagang.“
4. Þegar eigandi bílastæðis í bílageymslu mótmælti staðsetningu inntaks og kassa, bar starfsmanni GR/verktaka þá ekki að stöðva vinnu sína þar til samkomulag væri full frá gengið og ótvírætt samþykki lægi fyrir.
5. Hvort hefur meira vægi; sparnaður til handa GR/verktaka með m.a. borgötum milli annars einangraðra og aðskilinna brunahólfa, eða öryggi íbúa og lagnar.
6. Hvers er ábyrgðin ef starfsmaður/verktaki fjarskiptafyrirtækis láist að ganga frá eftir sig t.d. setur ekki aftur upp skáp sem hann tekur niður við vinnu sína, og þriðji aðili (eigandi skáps) veldur tjóni á lögnum honum óviðkomandi að öðru leyti en því að hafa verið sett upp í óþökk hans, og er starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja heimilt að taka niður slíka hluti eftir þeirra hentugleika, að eigendum forspurðum.
7. Hvert er álit stofnunarinnar á því að ekki sé fylgt upplýsingum framleiðanda kapals m.a. varðandi beygjuradíus og aðrar takmarkanir sem hann setur á kapal.
8. Hverjar úrbætur skulu vera ef einhverjar.

Óskaði kvartandi einnig eftir álitum PFS á málinu í heild.

II. Bréfaskipti og málavextir

2.1. Athugasemdir Gagnaveitu Reykjavíkur

Póst- og fjarskiptastofnun barst kvörtunin sem fyrr greinir þann 24. ágúst 2011. Í kjölfar þess ritaði stofnunin bréf til GR dags. 24. ágúst 2011 þar sem félaginu var gefinn kostur á því að

tjá sig um kvörtunina og koma skýringum sínum á framfæri. Þann 20. september 2011 barst stofnuninni svarbréf GR en þar kom m.a fram að tilkynning um þjónusturof hafi borist GR þann 22. ágúst. GR bendir á að félagið hafi sent verktaka til að kanna ástand ljósleiðara að inntaksboxi og allar lagnir hafi reynst í lagi. Íbúum hafi verið tilkynnt sú niðurstaða og að líklegast væri um bilun í innanhúslögn að ræða, þ.e frá lögninni sem liggi frá inntaksboxi GR að netaðgangstæki íbúðar. GR tiltók að íbúa hafi verið bent á þá verktaka sem sinni viðgerðarþjónustu á lögnum sem þessum en íbúi hafi lýst yfir óánægju með að GR tæki ekki að sér að athuga með viðgerð á innanhússlögn. GR hafi þá bent íbúa á skilmála félagsins sem giltu um lagningu ljósleiðaralagna, yfirráð og ábyrgð þeirra, sem íbúi hafði undirritað.

Eftir endurteknar kvartanir íbúa hafði GR samband við verktaka þann er lagði umræddar lagnir í [...] á sínum tíma og farið fram á að skoðað yrði hvort lagnirnar hefðu ekki verið lagðar á venjubundinn hátt og hvort eitthvað hefði verið unnið þannig að það gæti valdið truflunum á síðari stigum. Niðurstaða verktaka hafi verið á þá leið að svo væri ekki og allt væri eðlilegt varðandi lagningu innanhúslagnanna á sínum tíma. Verktakinn hafi hins vegar bent á að þegar eigandi tiltekens bílastæðis hefði sett upp kassa á vegg í bílageymslu hefði verið skrúfað í gegnum greinilagnarör með þeim afleiðingum að greinilagnastrengur skaddaðist og olli umræddu þjónusturofi. GR bendir á að farið hafi verið yfir lagnaleið og frágang með verktaka sem hafi ekki leitt neitt óeðlilegt í ljós, hvorki varðandi frágang né fyrirkomulag. Bendir GR ennfremur á að heimild hafi verið fyrir hendi fyrir lagningu ljósleiðara í sameign. GR vísar til þeirra mynda er fylgdu kvörtun og að af þeim verði ekki annað séð en að öllu sé fyrirkomið á eðlilegan hátt og ekki til þess fallið að valda augljósu þjónusturofi. Að lokum tiltekur GR að farið hafi verið eftir þeim reglum sem gilda um uppsetningu lagna sem og meðhöndlun tilkynningar um þjónusturof viðskiptavina, en GR reyni í slíkum tilfellum að stuðla að því að þjónusturof viðskiptavina verði eins lítið og kostur er, sem hafi verið reyndin í þessu tilviki og telur ávirðingar um annað ekki eiga við rök að styðjast.

2.2. Athugasemdir kvartanda

Með bréfi PFS dags. 28. september 2011 var kvartanda gefið tækifæri á að tjá sig og koma að athugasemdum varðandi svarbréf GR, og barst bréf þess efnis frá kvartanda þann 6. október 2011. Í bréfinu kom fram af hálfu kvartanda að hann væri sannfærður eftir frekari skoðun og ráðfæringar við fagaðila, að þau vinnubrögð og sá frágangur sem viðhafður hefði verið við lagningu ljósleiðarans í [...], samræmdist ekki lögum, reglum, reglugerðum, stöðlum, né faglegum vinnubrögðum að miklu leyti, hvorki af hálfu GR né verktakans sem séð hafi um uppsetninguna. Kom fram í umræddu bréfi þeir helstu ágallar og annmarkar sem kvartandi telur ábótavant af hálfu félagsins við lagningu ljósleiðarans og var því til skýringar að finna myndir af hverju upptöldu atriði, texta til skýringar og tilvitnanir í lagaákvæði fjarskiptalaga, reglna um innanhússfjarskiptalaga, TS 150:2009 og TS 151:2009.

2.2.1 Inntak, lagnir og frágangur

Meðal þessara upptöldu atriða var t.a.m. bent á, af hálfu kvartanda að frágangur húskassa og lagna væri ekki í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga. Frágangur fjölleiðarastrengja væri vægast sagt mjög ófagmannlegur og ekki í samræmi við ÍST 150:2009, 6. gr. og 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, 59. gr. fjarskiptalaga né TS 151:2009. Dró kvartandi ennfremur í efa fullyrðingar GR um heimild félagsins til uppsetningar á inntakskassa á fyrrnefndri staðsetningu hans en að mati kvartandi er í fyrsta lagi hæpið að staðsetning inntakskassans geti talist í eiginlegri sameign, þar sem honum hafi verið komið fyrir á útvegg í bílastæði eins íbúa, sem hafi mótmælt fyrirhugaðri staðsetningu en verið tjáð af GR að full heimild væri til staðar fyrir umræddri staðsetningu. Í öðru lagi efast kvartandi

um að umrædd heimild sem GR vísi til sé undirrituð af aðila [B], sem hafi til þess heimild og óskaði eftir afriti frá GR.

Kvartandi vísar ennfremur til TS 151:2009, n.t.t. til 2. liðar 6. kafla, þar sem segir að innanhússljósleiðari skuli vera í heilu lagi frá húskassa og upp í tækjaskáp íbúðar. Bendir kvartandi á að þetta standist ekki enda hafi viðgerðin á ljósleiðaranum verið með þeim hætti að settur var upp enn einn kassi í bílageymslu þar sem ljósleiðarinn var splæstur saman og því orðinn samsettur. Kvartandi hafi bent á að þetta samræmdist ekki reglum en fengið þau svör að tengingin yrði jafn góð eftir sem áður. Telur kvartandi þetta ekki rétt en ávallt einhver deyfing sé á samsetningum þótt þær séu ekki miklar og innan marka, en engu að síður til staðar.

Kvartandi vísar því næst til 7. gr. reglna nr. 1109/2006, sbr. ÍST 150:2009 þar sem fjallað er m.a um stærð húskassa, en þar segir m.a. að stærð þeirra skuli að minnsta kosti vera 250*350*80 mm fyrir einbýli-, rað-, og minni fjöleignarhús (8 íbúðir og færri) en fyrir stærri fjöleignarhús (9 íbúðir og fleiri) 600*500*80 mm. Bendir kvartandi á í þessu samhengi að stærð umrædds húskassa sé ekki í samræmi við fyrrnefnd stærðarmál staðalsins, en ef miðað sé við 3 stigaganga með 6 íbúðum hver auk einnar íbúðar í raðhúsalengju (19 íbúðir) sé ljóst að það sé töluvert meira en viðkomandi húskassi passar fyrir (8 íbúðir skv. stærðarmálum). Kvartandi bendir einnig á 67. gr. fjarskiptalaga sem fjallar um þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna fyrirtækja og 70. gr. laganna sem kveður á um eignarnám en að mati kvartanda eiga lagaákvæði þessi bæði við í máli þessu. Hvað varðar 67. gr. laganna þá telur kvartandi þá starfsmenn sem unnu viðkomandi verk ekki hafa fengið nægilega þjálfun né verið nægilega vel upplýstir um þær lagaskyldur sem á þeim hvíla þar sem frávik á umræddu verki séu svo veruleg frá þeim lögum og reglum sem og stöðlum, sem um slíkar framkvæmdir gilda. Hvað 70. gr. laganna varðar vísar kvartandi til þess að hluti byggingar hafi verið tekin eignarnámi þar sem ekki hafi legið fyrir samþykki um uppsetningu inntakskassa í bílastæði eða uppsetningu utanálggjandi lagna á miðjum vegg.

2.2.2 Frávik frá tæknilegum eiginleikum

Kvartandi telur að auki að um veruleg frávik sé að ræða frá tæknilegum eiginleikum og farið sé verulega út fyrir það sem framleiðandi kapalsins gefi upp um t.a.m. lágmarks beygjuradíus, svo halda megi því fram að lögnin sé í raun og veru ónýt. Gefinn sé upp 50 mm. lágmarks beygjuradíus en skv. mælingum kvartanda á tilteknum stöðum í bílageymslu og sameign í stigagangi [...], sé hann töluvert minni. Því til rökstuðnings var að finna myndir og mælingar sem sýna áttu fram á veruleg frávik. Dregur kvartandi það stórlega í efa í ljósi framangreinds, og þegar viðkvæm lögn líkt og ljósleiðari er, á í hlut, að ljósleiðarinn geti náð 100 Mb/s hraða enda hafi hraðaprófanir í engu sýnt sama hraða til og frá, og sé hvergi nærri þeim 50 Mb/s hraða sem hann er sagður eiga að ná. Auk þessa þá sé ljósleiðarinn langt frá því að vera í heilu röri líkt og hann eigi að vera í.

2.2.3 Brot á brunavörnum

Telur kvartandi ennfremur að alvarlega sé brotið gegn þeim lögum og reglum sem gilda um brunavarnir. Vísar kvartandi í 6. málsli. 114. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 þar sem segir m.a. að bílageymslur skuli vera sjálfstæðar brunasamstæður, en svo hafi átt við umræddan bílakjallara þar sem engin bein tenging, op eða lagnir var að finna inn í stigagangana þar til viðkomandi verktaki boraði gat fyrir ljósleiðara beint inn í þrjá stigaganga. Halda mætti því þó fram, að mati kvartanda, að slíkt væri á gráu svæði ef vel væri frá gengið en raunin sé hins vegar sú að engar þéttingar séu settar fyrir eða götunum lokað og telur kvartandi slíkan frágang vítaverðan og ekki bera minnsta vott um hvorki fagmennsku né

virðingu gagnvart íbúum. Vísar kvartandi máli sínu til rökstuðnings í lagaákvæði og reglugerðir sem gilda um brunavarnir byggingagilda, brunavarnafrágang, byggingarefni húsa og frágang lagna í eldvarnarveggjum svo fátt eitt sé nefnt en kvartandi leitaði eftir umsögn Mannvirkjastofnunar vegna athugasemdar sinnar að því er varðar framkvæmdir m.t.t. brunavarna.

2.2.4 Samskipti við GR og vinnubrögð

Kvartandi bendir á að tilkynning kvartanda um þjónusturof hafi upphaflega borist þann 20. ágúst 2011 en ekki þann 22. ágúst líkt og GR haldi fram í svarbréfi sínu. kvartandi bendir á að það hafi verið helgi og skv. starfsmanni GR var enga bilun að finna skv. kerfi GR og ekkert frekar væri hægt að gera þann daginn þar sem það væri helgi og enginn tiltækur til þess að skoða þetta frekar. Vísar kvartandi í fyrra bréf sitt að því er varðar frekari málavexti um upphaf þessa máls.

Kvartandi bendir hins vegar á, m.t.t tilliti til umfjöllunar GR um skoðun verktaka, að kvartandi hafi ekki orðið var við að neinn kæmi frá GR eða þeim verktaka sem sá um umrætt verk, fyrr en þann 27. ágúst, viku eftir að tilkynnt var um þjónusturofið, og það hafi verið fyrir tilstilli Vodafone, að því er kvartandi telur. Vodafone hafi ákveðið að ganga í málið til að koma tengingunni á aftur og sagst taka kostnaðinn á sig. Bendir kvartandi á að sá verktaki sem hafi mætt hafi verið sá hin sami og hafi sett lögnina upp.

Kvartandi bendir á, hvað varðar þann verkfæraskáp sem varð til þess að tenging rofnaði, að skápurinn hafi þegar verið uppsettur á vegg áður en ljósleiðarinn kom til en við framkvæmdina hafi verktakar tekið hann niður í leyfisleysi til að koma fyrir ídráttarrörum og ljósleiðara á vegginn. Hann hafi hins vegar verið skilinn eftir á gólfinu í bílastæðinu af hálfu verktaka, án þess að gengið væri frá honum í hið fyrra horf. Telur kvartandi þetta harla geta talist eðlilegir starfshættir eða vinnubrögð eða samkvæmt reglum eða þá að GR hafi reynt að stuðla að því að þjónusturof það sem hér um ræðir, yrði eins lítið og kostur var, líkt og félagið heldur fram í bréfi sínu. Kvartandi áréttar að lokum það er fram kom í fyrra bréfi sínu til stofnunarinnar.

2.2.5 Skilmálar og villandi upplýsingar á heimasíðu GR

Kvartandi bendir á heimasíðu GR, þar sem sé að finna samantekt um kosti ljósleiðarans, og telur þá mjög villandi fyrir aðila. Kvartandi bendir á að þar komi m.a. fram að hægt sé að fá fleiri en einn myndlykil með ljósleiðaranum en það eigi einnig við um þráðlaust UHF og örbylgjusendingar en sé sett fram líkt og það eigi einungis við um ljósleiðara. Ennfremur vísar kvartandi til þess að orðalagið „*getur sagt upp símalínunni og hætt að greiða mánaðarlegt leigugjald*“ sé mjög villandi enda hljómi þetta eins og ekki þurfi að greiða mánaðarlegt gjald fyrir ljósleiðarann. Því sé einnig haldið fram að sjónvarpið dragi ekki úr hraða Internetsins en kvartandi bendir á að hvorutveggja ADSL og ljósleiðarinn eru gagnasendingar í formi bitastraums og sjónvarpsútsending taki sama bitastraum (sömu bandbreidd) á hvorum miðlinum sem er, einungis ólíklegra sé að notandinn verði var við það á ljósleiðara þar sem gagnahraðinn(bandbreiddin) sé mun meiri.

2.2.6 Krafa um úrbætur

Að lokum bendir kvartandi á að niðurstaða þessa máls geti aldrei orðið önnur en sú að framkvæmd og frágangur verði ekki talin í samræmi við þau lög og reglur sem gilda. Telur kvartandi umrædda lögn í raun ónýta af þeim sökum að ekki hafi verið farið eftir þar tilgerðum lögum og reglum eða þeim kröfum sem framleiðandi kapalsins gerir varðandi uppsetningu hans, af völdum skemmda sem unnar voru á húsnaðinu sjálfu, brunavarnir hafi

verið rýrðar og heilsu íbúa þess þar með stefnt í voða. Kvartandi heldur því fram að „sparnaður“ af þessu tagi sem sé allur á kostnað gæða lagnarinnar virðist vera í því formi að henda upp leiðslum sem mögulega gætu virkað í einhvern tíma en þegar að kæmi þá myndi kostnaður vegna lagfæringa lenda á íbúum sjálfum þar sem GR og verktakar á þeirra vegum firri sig allri ábyrgð. Kvartandi bendir ennfremur á að á flestum heimilum í dag fari megnið af fjarskiptum fram í gegnum sömu leiðsluna (Internet, sjónvarp, sími) svo ef línan detti út fari öll fjarskipti þess heimilis í vaskinn. Því er það að mati kvartandi frumskilyrði að vel sé staðið að uppsetningu fjarskiptalagna og þannig sé frá þeim gengið að hvorki öryggi húsnæðis né íbúa sé stefnt í voða. Fer kvartandi fram á að lög þessi verði lagfærð í samræmi við gildandi lög og reglur og að þær skemmdir sem orðið hafa vegna hennar verði lagfærðar á kostnað GR. Krefst kvartandi ennfremur bóta til handa þeim er urðu fyrir viðkomandi rofi skv. skilmálum GR enda verði rofið í engu falli rakið til athafna viðkomandi íbúa. Kvartandi fer að lokum fram á það að starfsreglur og vinnulag GR verði endurskoðað, og úttekt framkvæmd af hlutlausum aðila á fleiri lögnum sem settar hafi verið upp af aðilum fyrir hönd GR til samanburðar við umrætt verk og að þess verði gætt framvegis að starfsmenn þessara fyrirtækja séu meðvitaðir um efni og skyldur sínar lögum samkvæmt.

2.3 Athugasemdir Gagnaveitu Reykjavíkur

Þann 28. október 2011 barst stofnuninni bréf frá GR þar sem kom fram af hálfu fyrirtækisins að í kjölfar bréfs kvartanda hafi sérstaklega verið yfirfarið hvernig staðið hefði verið að framkvæmdum við lagningu ljósleiðara í [...].

2.3.1 Val á inntaksstað og heimild fyrir lagnir

Fram kom að húsaskoðun³ hafi farið fyrst fram í febrúar 2010 en endurtekin í húsum nr. [...] í mars 2010. Sú skoðun hafi leit í ljós að hentugast væri að hafa einn inntaksstað í sameiginlegri bílageymslu þeirra og því myndi fylgja minni jarðvinna og rask á lóðum íbúa en ella. Haft hafi verið samband við íbúa í [...], en upplýsingar GR hafi bent til þess að hann væri fulltrúi fyrir umrædd hús, hvað varðaði bílageymsluna og gæti veitt umrædda heimild fyrir áformuðum inntaksstað þar og lagnaleiðum, sem og hann hafi gert og jafnframt staðfest við GR að hann hefði fullt umboð meðeigenda til að veita slíkt samþykki.⁴ Bendir GR á að síðar hafi hins vegar komið í ljós að umræddur íbúi hafi hvorki verið slíkur fulltrúi húseigenda né haft umboð til að veita slíka heimild. Hafa verði þó í huga í þessum efnum að GR geti ekki gengið lengra en að leita eftir slíkri yfirlýsingu og treysta á réttmæti hennar.

Er það mat GR þrátt fyrir ofangreint að sú staðsetning sem valin var fyrir inntak sé góð og ef félagið væri að hefja framkvæmdir þarna í dag yrði á nýjan leik lagt til að inntakið yrði í bílageymslunni. Má rekja þá niðurstöðu til þess að mati GR að því fylgi m.a. minna rask á einkalóðum íbúa, lægri kostnaður, gott aðgengi sé að dreifileiðum inn í íbúðir frá bílageymslu, inntak sé í lokuðu rými (bílageymslunni) sem óviðkomandi hafi ekki aðgang að auk þess að mikið sé um utanáliggjandi lagnir í bílageymslunni sem ljósleiðaralagnir falli vel að.

2.3.2 Frágangur á lögnum í bílageymslu

GR bendir á að í kjölfar kvartana kvartanda eftir þjónusturof í ágúst 2011 hafi GR fylgt því verklagi að láta viðkomandi verktakafyrirtæki sem séð hafði um lagnavinnuna, yfirfara hana

³ Orðskýring: Húsaskoðun er hluti af hönnunarvinnu á átaksverkefnum GR við ljósleiðaravæðingu heimila sem felur í sér skoðun og mat fulltrúa GR á því hvernig verði best staðið að framkvæmdum á einkalóðum, finna bestu lagnaleiðir og hentugan inntaksstað í húsin. Niðurstaða skoðunarinnar er svo færð á eyðublað sem fulltrúi hússins undirritar til staðfestingar á heimild GR til framkvæmdanna.

⁴ Var að finna þessu til staðfestingar afrit af húsaskoðunarblaði undirrituðu af [B].

og ganga úr skugga um að rétt og eðlilega hefði verið staðið að framkvæmdinni. Niðurstaða þess hefði verið að ekkert óeðlilegt væri við frágang en nýleg framkvæmd í bílageymslu hefði skaddað ljósleiðarastreng og þar með valdið umræddu þjónusturofi. Ennfremur bendir GR á að fyrirtækið hefði skoðað þær myndir er fylgdu upprunalegri kvörtun kvartanda til PFS en ekki séð neitt athugasvert við framkvæmdina út frá þeim en svarbréf GR við kvörtun [A], dags. 20. september byggði á þeim upplýsingum. GR bendir hins vegar á að í síðari bréfi kvartanda hafi komið fram ýmis atriði sem ekki komu fram í hinu fyrra bréfi og í kjölfar þess hafi eftirlitsmaður og deildarstjóri GR farið og skoðað ítarlega framkvæmdina í bílageymslunni. Tiltekur GR að eftir þá vettvangsskoðun taki fyrirtækið heilshugar undir athugasemdir kvartanda að því er varðar brot á brunavörnum og muni bregðast við því. GR muni sjá til þess að verktaki þétti borgöt með brunapétiefni þannig að reykur komist ekki á milli brunahólfa og með því tryggja að framkvæmdir GR hafi ekki rýrt brunaöryggi á staðnum. Jafnframt segir GR að félagið muni láta taka út viðlíka mál í öðrum bílageymslum þar sem framkvæmdir við ljósleiðaralagnir fyrirtækisins hafa átt sér stað, og þannig tryggja að kröfum um brunavarnir sé framfylgt af verktökum GR.

Ennfremur hafi komið í ljós nokkur önnur atriði sem GR telji að verktaki hefði mátt vanda betur frágang við en GR muni láta lagfæra umrædd atriði á sinn kostnað. Umrædd atriði séu múrbrot eftir borun sem verði spörsluð, festingar á rörum á einstaka stöðum verði bættar, rör verði stytt til að tryggja að þau myndi ekki óþarfa spennu á streng í beygjum og að tekið verði til skoðunar hvernig hægt sé að verja innanhússtrengi betur við inngang þeirra í inntakskassa. Er það mat GR að ekkert sé því til fyrirstöðu, að þessum lagfæringum loknum, að innanhúslagnir þessar standist reglur og eigi að endast og þjóna íbúum um langt skeið.

Hvað varðar athugasemdir kvartanda um fjölda tengistaða þar sem lagnir séu splæstar saman þá er það mat GR að það sé eðlilegur hluti af samtengingu kerfisins að ljósleiðarar séu tengdir saman á nokkrum stöðum. Ennfremur að því er varðar athugasemd kvartandi við bandvídd Ljósleiðarans þá sé 100 Mb/s tenging í boði yfir ljósleiðaranet GR til heimilanna en í því felist að endabúnaður GR á heimilinu og netbúnaður í næstu tengistöð ætti að anna slíkri bandbreidd. Bendir GR á að ef viðskiptavinir telji sig ekki vera fá þá bandvídd sem þeir hafi keypt af þjónustuaðila á ljósleiðaranum þá eigi þeir að leita eftir skýringum hjá viðkomandi þjónustuaðila.

GR bendir einnig á, að því er varðar athugasemdir kvartanda um ljósleiðarastreng innanhúss, að sá innanhússtrengur sem verktaki hafi notað í verkið í [...] sé viðurkenndur strengur fyrir innanhúslagnir sem leggja megi í rör eða beran á lagnastiga. Það sé því ekkert athugasvert við það að hann sé ekki í röri á stuttum köflum eins og í beygjum á vegghornum. Bendir GR einnig á að í ÍST 150:2009 staðlinum standi að í raðhúsum skuli vera sérstakt inntak fyrir fjarskiptalagnir í hvert hús og í fjölbýlishúsum fyrir hvert stigahús og því fær GR ekki annað séð en að ofangreint sé uppfyllt af hálfu fyrirtækisins enda sé inntakskassanum í bílageymslu ætlað að þjóna [...] (ásamt [...]). Telur GR skv. framansögðu félagið uppfylla lög og reglur er varða umræddar fjarskiptalagnir.

Þó bendir GR á að ljóst sé að ekki hafi verið rétt staðið að framkvæmdum við ljósleiðaravæðingu í [...] að öllu leyti. GR hafi t.a.m. talið sig hafa aflað leyfis hjá réttum aðila vegna inntaksstað í bílageymslu, en sá aðili hafi svo ekki reynst hafa til þess umboð sem hann hafi þó staðfest með undirskrift sinni. Þá hafi framkvæmd verktaka á vegum GR ekki verið fullnægjandi að öllu leyti, sér í lagi varðandi brunavarnir. GR ítrekar að félagið hyggist fara í úrbætur með það að marki að færa brunavarnir í rétt horf auk þess sem nokkur atriði

verði lagfærð. Ennfremur hafi mál þetta orðið til þess að GR hafi ákveðið að yfirfara verklag og kröfur til verktaka og skerpa á þeim atriðum sem talin er brotalöm á.

Að lokum tiltekur GR að af 21 heimili í [...] séu 11 þeirra með fjarskiptaþjónustu um Ljósleiðara GR. GR muni fella niður aðgangsgjald Ljósleiðarans niður í einn mánuð hjá þeim tveimur íbúum sem urðu fyrir umræddu þjónusturofi þrátt fyrir að GR telji að rekja megi rofið til athafna af hálfu íbúa [...] og falli þar með ekki undir kröfu um réttmæta niðurfellingu aðgangsgjalds skv. skilmálum Ljósleiðarans. GR telur þó að eðlilegast sé að fara í fyrrgreindar úrbætur í samvinnu við íbúa í [...] og vonar að sátt náist í máli þessu.

2.4 Athugasemdir kvartanda

Með bréfi dags. 14. nóvember 2011 bárust stofnuninni athugasemdir kvartanda við ofangreindu bréfi GR. Telur kvartandi ljóst af svörum GR að félagið hafi aldrei haft heimild fyrir lagningu ljósleiðara í bílageymslu í [...] og telur óskiljanlegt hvernig GR getur túlkað undirskrift [B] sem slíka heimild eða umboð, enda hefði viðkomandi einungis skrifað undir húsaskoðunarblað fyrir sitt eigið heimili, þegar verktakar á vegum GR hafi komið og skoðað íbúð [B] í febrúar 2010. Þá hefði staðið til skv. [B] að fara hefðbundna leið, líkt og gert hefði verið í [...], að taka inntak inn í íbúðir frá þeirri lögnum sem liggja frá dreifistöð ([...]) og upp [...] aftan við raðhúsallengju [...]. Verktakar hafi hins vegar komið á ný mánuði síðar og þá verið búnir að ákveða umrædda lagnaleið, með inntaki í bílageymslu og lögnum þaðan, án samþykkis nokkurra íbúa viðkomandi húsa. GR gangi ennfremur svo langt að segjast hafa fulla heimild fyrir lögnum þegar íbúi mótmæli að inntak sé sett í bílastæði hans ásamt inntakskassa, auk þess sem þeir hafi tekið niður verkfæraskáp af vegg, til að leggja lagnir frá inntakskassa, án þess að ganga frá honum aftur. Ofangreint sýni að mati kvartanda ótvírætt fram á að umrædd lögnum hafi verið án samráðs við íbúa og í óþökk sumra. Bendir kvartandi á að það hljóti að teljast ansi langsótt túlkun af hálfu GR að halda því fram að húsaskoðun fyrir [...], sem undirrituð hafi verið í fyrri skoðun GR, gefi GR leyfi til þess að haga öllum lögnum að vild.

Að því er varðar val á inntaksstað og lagnaleiðum þá telur kvartandi að þær forsendur og mat GR á því hvers vegna félagið valdi þá leið sem raun ber vitni, einkennilegar. Fær þannig ekki séð af hverju rask á sameiginlegum sem og einkalóðum hefði orðið meira ef önnur leið hefði verið farin og bendir á að sá rökstuðningur um að aðgengi að dreifileiðum inn í íbúðir sé gott frá þeim stað, standist enga skoðun, enda þurfi bæði að leggja utanáliggjandi lagnir í bílageymslu, bora göt í gegnum brunaskilsvegg og lagnir inn í sameignum hvers stigagangs að aðaltöflu rafmagns og þaðan inn í smáspennuskáp og inn í íbúðir. Hafnar kvartandi þeim rökum GR að mikið sé um utanáliggjandi lagnir í bílageymslu og að lagnir GR falli vel að þeim en einu lagnirnar sem þar hafi verið utanáliggjandi hafi verið raflagnir fyrir ljósin sem staðsett eru í lofti bílageymslunnar. Ljósleiðaralagnir GR komi hvergi þar nærri fyrir utan þá einu sem liggja eftir endilöngu loftinu og út um gat á vegg í hinum enda bílageymslunnar frá inntaksstað. Telur kvartandi þau rök sem GR hafi fært fyrir umræddu vali á lagnaleiðum og inntaksstað bágborin og einna helst leiða af sér sparnað fyrir verktakann, enda hafi boð hans verið einkennilega lágt að mati kvartanda, eða um 66% af kostnaðaráætlun, sem komi bæði niður á gæðum og öryggi.

Kvartandi bendir ennfremur á að öryggi staðsetningar á inntaki og lagna frá þeim stað sé hætta búin en einungis þyrfti lítið óhapp til að inntakskassanum sé hætta búin sem gæti haft þær afleiðingar að tenging þriggja stigaganga, samtals 19 íbúðir, myndi detta út, og spyr hver myndi bera ábyrgð og kostnað þann sem slíkri viðgerð fylgir? Kvartandi tiltekur að slíkt óhapp hafi þegar komið fyrir, og er þar með að vísa til þess þjónusturofs sem rakið var til þess

að skápur var settur upp á vegg af íbúa með þeim afleiðingum að strengur skaddaðist. Hefði auðveldlega verið hægt að koma í veg fyrir umrætt atvik, að mati kvartanda, ef verktakinn hefði gengið frá líkt og honum hefði borið að gera, og sett viðkomandi skáp aftur upp eftir að hafa tekið hann niður til að koma fyrir ídráttarrörum og ljósleiðara á vegginn. Samkvæmt GR sé framangreint hins vegar talið vera á ábyrgð íbúa. Er kvartandi efins um að starfsmenn GR yrðu hressir ef búið væri eins um hnútana á þeirra heimilum.

Kvartandi telur, hvað varðar lögnina sjálfa, að gæði hennar séu rýrð með hverri beygju sem á henni er, auk þess sem hún sé með minni radíus en framleiðandi kapalsins gefur upp, en á þeim 30 metra kafla frá inntaki að tengikassa í sameign stigagangs í [...] séu um 28 beygjur með radíus minni eða nálægt þeim mörkum. Slíkt geti haft þær afleiðingar að ljósleiðari brotni í sundur, ljósmerki deyfist svo fátt eitt sé nefnt. Kvartandi bendir á að þótt GR vinni kannski á þeirri rýrnun með því að auka sendiafl ljósmerkis þá sé slík deyfing til staðar auk þess sem meiri hætta skapist á því að svo sé. Kvartandi heldur því fram að samkvæmt ónafngreinum framleiðanda sambærilega kapals, þá væri aldrei gott að setja beygjur með minni radíus á ljósleiðara en þann sem framleiðandi gæfi upp, en slíkt væri ekki áhættunnar virði og hefði þær afleiðingar að merkið sem um hann færi þyrfti meira afl en ella. kvartandi vísar til bréfs GR þar sem fram komi af hálfu fyrirtækisins að notaður hafi verið viðurkenndur strengur fyrir innanhússlagnir og telji ekkert athugavert við það að hann sé ekki í röri á stuttum köflum eins og í beygjum. Kvartandi bendir á að hann viti mæta vel að umræddur strengur sé viðurkenndur enda hafi hann ekki sett út á það. Gagnrýni hans varðar það hins vegar að hann skuli einmitt ekki vera í röri einmitt þar sem hann sé viðkvæmastur, í beygjum, líkt og tekið sé sérstaklega fram af hálfu framleiðanda kapalsins, þ.e að hann sé til lagnar í lokuðum stökk eða röri (e. „for installation in cable ducts“).

Telur kvartandi að þótt upp komi þær aðstæður að ekki sé hægt að fylgja lögum, reglum og stöðlum eftir í hvívetna, þá beri hins vegar að fylgja þeim eftir fremsta megni, og þá í samráði og samvinnu við málsaðila um þau atriði sem um ræðir hverju sinni. Telur kvartandi að í umræddu máli hafi verið farið á svig við gildandi reglur í mörgum veigamiklum atriðum, án alls samþykkis og í óþökk íbúa. Verður að mati kvartanda ekki annað af þessu ráðið en að GR ætli sér að fara sínu fram, sama hvað hver segir og hvaða reglur gildi. Þá verður að mati kvartanda ennfremur að telja að túlkun GR á því hvað sé sérstakt inntak í hvert hús í raðhúsum og hvert stigahús í fjölbýlum sé töluvert á skjön við túlkun þeirra fagmanna sem kvartandi hafi rætt við, þ.á.m. þá sem komu að því að semja staðallinn ÍST 151:2009, en skilningur kvartanda sé sá að inntak eigi að vera í hverju húsi í raðhúsum og hverju stigahúsi í fjölbýlishúsum frá jarðlögnum utanhúss.

Að lokum bendir kvartandi á að ljóst sé að hans mati þegar ofangreind svör GR eru höfð í huga sem og eftir þrjár skoðanir af hálfu fyrirtækisins á verkinu, að eina markmið GR sé í máli þessu að koma sér hjá því að vinna verkið á réttan hátt og í samræmi við gildandi reglur og staðla og reyni ennfremur að koma eigin mistökum yfir á íbúa [...], sem sé gamall maður sem hvergi hafi komið að máli þessu að öðru leyti en því að vilja tengjast ljósleiðara og í fullum rétti skrifað undir slíkt samþykki fyrir sína íbúð eingöngu, og það meira að segja fyrir annarri lagnaleið en var svo farin af hálfu GR. Verður að telja, að mati kvartanda, þetta eina atriði gefa til kynna að starfssemi GR sé vafasöm og starfshættir komnir langt út fyrir öll velsæmismörk.

Þá eru í bréfinu að lokum að finna tiltekna kröfur kvartanda sem áður er getið um í kafla I. hér að framan.

III.

Skýrsla um úttekt PFS á frágangi lagna og bréfaskipti

3.1 Bréf til aðila máls

Í ljósi ofangreindra ágreiningsefna tilkynnti PFS aðilum málsins, með bréfi þann 18. janúar 2012, að stofnunin hygðist leita til faggilds aðila til þess að skoða og meta hvort umræddar fjarskiptalagnir og frágangur þeirra væri í samræmi við fjarskiptalög og reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Tiltók stofnunin að sá aðili sem PFS hygðist leita til væri fyrirtækið Rafskoðun ehf., (Rafskoðun) sem væri faggilt og óháð skoðunarstofa og að skoðun þeirra myndi taka mið af þeim kröfum sem lög og reglur kvæðu á um auk þeirra krafna sem ÍST 150:2009 staðallinn, um raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði mælti fyrir um. Kom ennfremur fram af hálfu stofnunarinnar að stofnunin hygðist fella þann kostnað sem af skoðuninni hlytist á GR, að hluta til eða að fullu, ef niðurstaða hennar yrði sú að frágangur væri talinn í verulegum atriðum ábótavant. Var málsaðilum gefinn kostur á að koma með athugasemdir vegna fyrirhugaðrar boðunar PFS á skoðun faggilds aðila en engar athugasemdir bárust. Var því afráðið af hálfu PFS að Rafskoðun myndi framkvæma fyrrnefnda skoðun.

3.2 Bréf PFS til kvartanda og Gagnaveitu Reykjavíkur

PFS sendi bréf til aðila máls þann 14. mars s.l., þar sem stofnunin upplýsti viðkomandi um að úttekt Rafskoðunar væri afstaðin. Þar hefði verið farið yfir frágang ljósleiðara og búnaðar honum tengdur en í ljós hafi komið að ýmislegt væri ábótavant og ófullnægjandi að mati skoðunarmanna að því er varðar frágang ljósleiðaralagna og af þeim sökum hygðist stofnunin í fyrirhugaðri ákvörðun sinni mæla fyrir um úrbætur af hálfu GR á eftirfarandi atriðum:

1. Þéttingar á götum í gegnum brunaveggi og merkingar við þær.
2. Merkingar alls búnaðar og strengja.
3. Beygjuradúsar á strengjum.
4. Að hlífa strengjum þar sem áverkahætta er í bílageymslu.
5. Borgöt í rafmagnstöflum
6. Staðsetning greinikassa í rafmagnstöflum.
7. Frágangur á greiningu inn í símakassa.
8. Inntaksbúnaður í alla greinikassa.

Upplýsti PFS ennfremur um þá áætlun sína að leggja þann kostnað, sem fyrrnefnd skoðun Rafskoðunar hafði í för með sér, á GR, þar sem niðurstaða hennar hafi verið á þá leið að frágangi væri í verulegum atriðum ábótavant. Var aðilum málsins gefinn kostur á því að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun.

3.3 Athugasemdir kvartanda

PFS bárust athugasemdir af hálfu kvartanda þann 26. mars s.l. Taldi kvartandi að svo virtist sem breytingar hefðu verið gerðar á lögnum og borgötum á veggjum þar sem lagnir fara úr bílageymslu í sameignir stigaganga, þegar myndir meðfylgjandi kvörtun kvartanda og myndir úr úttekt Rafskoðunar, væru bornar saman. Af hálfu kvartanda virtist sem gerð hefði verið

tilraun af hálfu GR, til að breyta ásýnd og fegra lagnir áður en úttekt færi fram þar sem hvorki PFS, stjórn bílageymslunnar né nokkur annar aðili með nægilega þekkingu á málavöxtum hafði vitneskju um viðkomandi aðgerð GR. Ljóst er að mati kvartandi að þessi framkvæmd hafi átt sér stað á milli þess tímabils sem ljóst var að úttekt færi fram og úttektin var framkvæmd og það sé spurning hvort um saknæmt atriði sé að ræða sem sé í skoðun. Það sé hins vegar mat kvartanda að réttast hefði verið af GR að upplýsa PFS um framkvæmdina fyrirfram þar sem umrædd lög var á þeim tíma og er til umfjöllunar hjá stofnuninni.

Telur kvartandi að öðru leyti að þau upptöldu atriði er PFS hyggst mæla fyrir um úrbætur af hálfu GR, séu góð og gild. Kvartandi vill þó ítreka ósk sína um að PFS taki afstöðu til staðsetningar stofnkassa í bílageymslu, ekki síst út frá því hvernig staðið var að þeirri framkvæmd. Er kvartandi að vísa til þess að GR hafi ekki haft tilskilin leyfi fyrir framkvæmdinni og þeirri lagnaleið sem fyrir valinu varð, auk þess sem að við mótmæli eiganda þess bílastæðis sem kassanum var valinn staður, hafi félagið blekkst viðkomandi að þeir hefðu tilskilin leyfi.

Þá þykir kvartanda hæpið að hægt sé að ætlast til þess af íbúum að taka ábyrgð í einu og öllu á lögnum sem liggja þvert yfir séreignarhluta íbúa annarra stigaganga, t.d fyrir íbúa í [...] að ábyrgjast lög sem liggja þvert yfir séreignarhluta íbúa í [...]og [...] (samals 8 séreignarsvæði tilheyrandi íbúum í [...] og [...] auk þriggja séreignarsvæða tilheyrandi íbúum í [...] áður en lögnin kemst inn í sameign stigagangs í [...]). Auk þess telur kvartandi það skýrt brot á 6. gr. reglna 1109/2006, um frágang fjarskiptaagna og ÍST 159:2009, sbr. gr. 2., 6.1. og 6.2. Þegar fyrrgreindar tilvísanir séu hafðar í huga er með engu móti hægt að halda því fram, að mati [A], að uppsetning inntaks og lagna í bílageymslu í núverandi mynd, samræmist reglum eða staðli þar sem inntak frá stofnlögn fjarskiptajarðstrengja eigi klárlega að vera í hverjum stigagangi fyrir sig og hverri íbúð fyrir sig í raðhúsum. Í ljósi þessa gerir kvartandi þá kröfu að GR verði gert að leggja nýjar heimtaugar frá stofnlögn í hvern stigagang fyrir sig og íbúðar í raðhúsalengju. Kvartandi ítrekar ennfremur ósk sína um afstöðu PFS til þeirra atriða er fram komu í bréfi kvartandi þann 14. nóvember 2011.

3.4 Athugasemdir Gagnaveitu Reykjavíkur

PFS barst bréf frá GR þann 4. apríl s.l., en þar var að finna svör félagsins við athugasemdum og ábendingum PFS og greinargerð Rafskoðunar, sem fram komu í bréfi stofnunarinnar þann 14. mars. Í bréfi GR er ennfremur þeirri aðgerðaráætlun lýst á þeim atriðum sem félagið telur út af bera og hyggst lagfæra.

Eftirfarandi upptalning eru þau helstu atriði sem bent var á í greinargerð Rafskoðunar, og þær ráðstafanir sem GR hyggst grípa til eða athugasemdir félagsins vegna þeirra:

3.4.1 Þéttingar og merkingar á borgötum þar sem farið er með ljósleiðarastrengi í gegnum brunavarnaþéttiefni

GR telur þetta varða öryggismál og leggur ríka áherslu á að þessi mál verði færð í rétt horf, hvort sem það varðar merkingu eða þar sem ekki hefur verið þétt með brunavarnaþéttiefni.

3.4.2 Merkingar ljósleiðarastrengja

GR telur að merking ljósleiðarastrengja í ljósleiðaraskrápum sé í ágætis horfi í [...] og auðgert sé að átta sig á í flestum tilvikum, hvert strengir liggja. GR bendir þó á að nokkur tilvik séu þar sem merkja mætti betur og fellst á að bæta merkingar á þeim stöðum.

3.4.3 Beygjuradíus á strengjum

GR á erfitt með að sjá að tilgreindir beygjuradíusar séu of krappir á ljósleiðarastrengjum m.v. uppgefin beygjuradíus framleiðanda strengja (Huber&Suhner), en ekki er tekið fram af hálfu Rafskoðun hvað sé miðað við. GR bendir á að aðstæður séu með þeim hætti að óumflýjanlegt sé að beygja streng og þótt þær séu vissulega skarpar sumstaðar þá sé beygjuradíusinn ekki undir 50 mm. og sér því ekki ástæðu til þess að lagfæra það.

3.4.4 Áverkahætta ljósleiðarastrengja

GR bendir á að víða sé vísað til ÍST 200 (raflagnir bygginga) í greinargerð Rafskoðunar en GR telur þá tilvísun ekki eiga við nema þar sem ljósleiðarastrengir liggja með raflagnabúnaði. Strengir séu að langmestu leyti varðir í rörum eða börkum, nema á stuttum köflum þar sem farið er á milli rýma eða yfir í önnur rör eða barka. Strengir sem eru notaðir séu með hlífðarkápu og þurfa ekki að fara í rör skv. upplýsingum frá framleiðanda. Lagnaleiðir séu að langmestu leyti þannig að ólíklegt verði að telja að þeir verði fyrir óvæntum áverkum, enda liggja þeir uppi við loft í kverkum. GR er þó tilbúið með aðgerðum að minnka áverkahættu enn frekar.

3.4.5 Vöntun viðeigandi inntaksbúnaðs í rafmagnstöflur

GR bendir á að þetta verði öryggismál og það leggi ríki áherslu á að þessar athugasemdir verði lagfærðar í kringum allar rafmagnstöflur í [...].

3.4.6 Ljósleiðarakassar uppsettir á mælaspjöldum í rafmagnsskápum

GR mun láta færa alla ljósleiðarakassa frá mælaspjöldum.

3.4.7 Almenn

Að lokum tiltekur GR að félagið sé sammála mörgum þeim athugasemdum sem fram komi í greinargerð Rafskoðunar og sérstaklega þeim er lúta að öryggismálum, eins og frágangur við eldvarnarveggi og rafmagnstöflur. Félagið fallist afdráttarlaust á að lagfæra þau.

Hinsvegar bendir GR á, að atriði eins og þau hvort rör og strengir séu nægjanlega vel festir og varðir, séu matsatriði að mati félagsins sem erfitt geti verið að leggja mat á. Félagið sé þó reiðubúið að fullnægja þeim ábendingum Rafskoðunar, er að því lúta, með aðgerðum á staðnum.

Hvað varðar beygjuradíus strengja þá getur GR ekki séð að hann sé of krappur þótt erfitt geti verið að mæla hann nákvæmlega og telur ekki þörf á lagfæringu.

Með bréfi dags. 13. apríl s.l., barst PFS önnur athugasemd frá GR, um greinargerð Rafskoðunar að því er varðar merkingu um lögmæti þéttingar á eldvarnarvegg, sbr. ÍST 200, gr. 527.2 og TS 151, gr. 4.3. Bendir GR á að hvergi sé kveðið á um að merkja við þéttingar líkt og fram komi skýrslu Rafskoðunar í umræddum stöðlum. Kom ennfremur fram að staðfest hafi verið af starfsmanni Mannvirkjastofnunar, að ekki væri kveðið á um merkingar þar sem farið er á milli eldvarnarýma. GR fer því fram á að fá nánari tilvísun í reglur, lög eða staðla ef PFS hyggst mæla fyrir um það að GR beri að merkja á þessum stöðum.

3.5 Bréf PFS til Gagnaveitu Reykjavíkur

Þann 26. júní s.l., sendi PFS tilkynningu til Gagnaveitunnar vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar PFS varðandi frágang ljósleiðaralagnar fyrirtækisins. PFS vísaði til fyrri samskipta og bréfaskipta stofnunarinnar við kvartanda sem og GR, vegna umkvörtunarefnisins, og fyrri

tilkynningar PFS til GR, um fyrirhugaða ákvörðun þar sem m.a yrðu gerðar kröfur til úrbóta af hálfu GR á þar tilgreindum atriðum. PFS vísaði ennfremur til þess að sú úttekt sem framkvæmd hefði verið af hálfu Rafskoðunar, hefði ekki tekið afstöðu til þess hluta kvörtunarinnar er laut að lögmæti staðsetningar húskassa sem staðsettur væri í bílageymslu, auk inntaks ljósleiðarans í umrætt fjölbýlishúss.

Stofnunin tilkynnti GR að PFS hefði nú lokið við að yfirfara öll gögn málsins sem og því lagaumhverfi sem um innanhússlagnir gildir og það væri fyrirhuguð niðurstaða PFS að sá háttur GR að því er varðar fyrirkomulag og staðsetningu húskassa og inntaks fyrir ljósleiðaralagnir í sameiginlegri bílageymslu kvartanda, í [...], samrýmdist ekki reglum nr. 1109/2006 sbr. 6. og 7. gr. reglnanna, né þeim kröfum sem ÍST 150:2009 eða TS 151:2009 gera til frágangs fjarskiptalagna í íbúðarhúsnæði. Var GR gefinn kostur á því að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun þessa og veittur svarfrestur til 10. júlí. PFS barst beiðni frá GR um framlengdan svarfrest vegna sumarfrís starfsmanna og varð PFS við þeirri beiðni, en svarfrestur var framlengdur til 13. ágúst.

3.6 Athugasemdir Gagnaveitu Reykjavíkur

Þann 10. ágúst barst PFS svarbréf GR, þar sem félagið vísaði til fyrri bréfs þess til PFS, þar sem m.a. komu fram athugasemdir af hálfu GR að því er varðaði úttekt Rafskoðunar. Til viðbótar þeim athugasemdum sem þar komu fram af hálfu félagsins gerir GR athugasemdir er lúta að merkingu borgata á milli brunahólfa og vísar til fyrri athugasemda GR, í bréfi þess dags. 4. apríl s.l., nr. 4, 7 og 14. Telur GR, við nánari skoðun, að ekki sé farið fram á merkingar við borgöt á milli brunahólfa, í hinum tilvísuðum stöðlum, (ÍST 200 og TS 151), og félagið geti því ekki fundið upplýsingar um hvað eigi að merkja og hvernig. GR bendir á því til stuðnings að leitað hafi verið leiðbeininga hjá Mannvirkjastofnun en sérfræðingar þar hafi ekki getað vísað á kröfur varðandi umræddar merkingar. Telur GR þar af leiðandi að merkingar séu fullnægjandi á milli brunahólfa nema sýnt sé fram á annað.

Að því er varðar fyrirhugaða niðurstöðu PFS, um að fyrirkomulag og staðsetning húskassa og inntaks fyrir ljósleiðaralagnir samræmist ekki reglum nr. 1109/2006 þá telur GR reglurnar á margan hátt óskýrar og óþarflega íþyngjandi þegar um er að ræða innanhússlagnir fyrir fjarskipti sem byggist á ljósleiðarataekni. Reglurnar miði þannig alfarið við notkun raflagna til fjarskipta (straumleiðandi lagnir) en kveðið sé t.a.m. á um það í 7. gr. að húskassar skuli vera jarðtengdir sem telja verður óþarft, að mati GR, þegar um húskassa fyrir óleiðandi ljósleiðaralagnir er að ræða. Bendir GR ennfremur á að kveðið sé á um að í húskössum skuli vera skinnur til samtengingar heimtaugar fjarskiptafyrirtækis og innanhússlagna íbúa, en skinnur eru jafnan notaðar í raflögnum en ekki ljósleiðaralögnum.

Telur GR að hafa verði í huga að reglurnar eru frá árinu 2006 þegar lítið hafi verið um að innanhússlagnir væru einungis úr plast- og glerefni eins og ljósleiðurum. Eins telur GR að reglurnar taki fyrst og fremst mið af aðstæðum í nýbyggingum fremur en eldri húsum og vísar til þess að í 6. gr. reglnanna sé veitt undanþága fyrir lögnum frá húskassa til séreignar um aðra séreign.

GR bendir á að í [...], hafi GR sett upp tengikassa þar sem endalögn íbúða tengist ljósleiðaraheimtaug GR. Telur GR sig með þessu uppfylla það ákvæði reglnanna að staðsetja húskassa (sem umræddur tengikassi sé) í stigangi hvers fjölbýlishúss. Tengikassi fyrir [...], sé hins vegar staðsettur í bílageymslu.

Í ljósi þessa andmælis GR þeirri niðurstöðu sem felst í fyrirhugaðri ákvörðun PFS um að staðsetning húskassa og inntaks fyrir ljósleiðaralagnir í [...]og [...], samræmist ekki fyrrgreindum reglum. GR fellst hins vegar á það að staðsetning tengiskassa fyrir [...] sé ekki í fullu samræmi við þær.

Að lokum tiltekur GR í bréfi sínu að full þörf sé á því að endurskoða reglurnar þannig að þær taki í meiri mæli tillit til lagningar innanhússljósleiðaralagna og þá einnig lagningar nýrra ljósleiðaralagna í eldri húsum, þar sem aðstæður séu oft flóknari en í nýbyggingum.

IV.

Forsendur og niðurstöður

4.1 Aðild og fyrirvar

Kvörtun kvartanda beinist að GR sem er eigandi og rekstraraðili ljósleiðaranets sem liggur um höfuðborgarsvæðið og er tengt við fjölbýlis- og ráðhús við [...] í Reykjavík sem hér um ræðir.⁵ Eftir að ósk barst frá íbúa þar um að fá tengingu við ljósleiðarann var nauðsynlegt að koma upp viðeigandi búnaði innanhúss til að tengjast hinu almenna ljósleiðaraneti fyrirtækisins, eins og það var síðan útfært m.a. með því að koma upp húskassa við fjarskiptainntakið, leggja ljósleiðaralagnir þaðan og í dreifikassa fyrir hvern stigagang. Var verkinu útvistað af hálfu GR til fyrirtækisins Ljósþings ehf. sem annaðist uppsetningu og frágang á viðeigandi tengingum innanhúss, samkvæmt tilboði sem var 66% af kostnaðaráætlun, sbr. gögn málsins.

Þó svo að GR hafi ekki sjálft annast uppsetningu innanhússlagna að fjölbýlis- og ráðhúsi að [...] og beri þar af leiðandi ekki með beinum hætti ábyrgð á framkvæmdinni verður að telja að kvörtun kvartanda sé réttilega beint að GR sem er eigandi og rekstraraðili ljósleiðarans og á í viðskiptasambandi við íbúa húsanna um tengingu við ljósleiðarann. Samkvæmt þessu verður að telja að GR sé aðili að máli þessu. Leiði niðurstaða málsins til þess að GR beri einhvern kostnað vegna úttektar á framkvæmdinni og hugsanlegra úrbóta getur félagið, eftir atvikum, átt hugsanlegan endurkröfurétt á Ljósþing ehf., en á það leggur PFS ekkert mat.

Fyrir liggur að kvörtunin er sett fram í nafni [...], íbúa að [...], en ekki fyrir hönd þess húsfélags þess stigagangs sem íbúð hans tilheyrir né heldur í nafni eigenda þeirrar sameignarinnar sem á hér hlut af máli, þ.e. bílageymslunnar fjölbýlishússins að [...] og tengist stigagöngum húsnúmerana [...], auk þess sem ráðhús við sömu götu með húsnúmerunum [...] hafa jafnframt aðgang að bílageymslunni. Þá er ljóst að þær innanhússfjarskiptalagnir sem hér um ræðir tengjast jafnframt ráðhúsi að [...]. Í ljósi þess hversu óljóst er um fyrirvar fyrir sameign alls fjölbýlishússins að [...], auk þeirra innanhússfjarskiptalagna sem hér um ræðir, verður það ekki talið annmörkum háð að kvörtun sé borin fram af einum tilteknum íbúa fjölbýlishússins. Er það álit PFS, eins og málum er hér háttáð, að kvartandi þessa máls geti átt einstaklegra og lögvarða hagsmuni af því að fá úrslausn um kröfur sínar og að hann njóti þar með aðildar í málinu.

4.2. Almennt um lagaumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun starfar á grundvelli laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Lög nr. 69/2003 fela Póst- og fjarskiptastofnun almennt stjórnarsýsluhlutverk á sviði fjarskipta og þá sér í lagi eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga.

⁵ Kort af fjölbýlishúsi og ráðhúsi að [...], ásamt grófum uppdætti af ljósleiðaratengingum húsnúmerana [...] er að finna í viðauka við ákvörðunina.

Póst- og fjarskiptastofnun er þar af leiðandi ábyrg fyrir eftirliti með fjarskiptamarkaðinum hér á landi í samræmi við lög um fjarskipti nr. 81/2003 og lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Er hlutverk PFS m.a. fólgið í því að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti á Íslandi, auk þess að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði og stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Í fjarskiptalögum er jafnframt gert ráð fyrir að stofnunin gæti hagsmuna almennings m.a. með því að vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að ákveðinni lágmarks fjarskiptaþjónustu, vinna að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs og að ákveðnu marki stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Reynist fjarskiptafyrirtæki hafa brotið gegn fjarskiptalögum, hefur PFS heimild til að knýja á um að fjarskiptafyrirtæki geri úrbætur.

XII. kafla laga nr. 81/2003, um fjarskipti, fjallar um fjarskiptabúnað. Í 1. mgr. 60. gr. laganna er kveðið á um innanhússfjarskiptalagnir. Í heild sinni er ákvæði 60. gr. fjarskiptalaga, um innanhússfjarskiptalagnir, svohljóðandi:

„Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínunum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.“

Líkt og lagaákvæðið kveður á um, þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun sett nánari reglur er varða frágang á innanhússlögnum fyrir fjarskipti, þ.m.t. húskassa, í íbúðar- og atvinnuhúsnæði, m.a. með það að marki að tryggja vernd fjarskipta líkt og lögin gera ráð fyrir.

Er markmið reglnanna að tryggja vernd fjarskipta með því að stuðla að vönduðum frágangi innanhússlagna sem koma á í veg fyrir misnotkun á fjarskiptaþjónustu og að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja að því er varðar aðgang að innanhússlögnum.

4.2.1 Almenn um ÍST 150:2009 og TS 151:2009

Í reglum nr. 1109/2006 er í 6. gr. kveðið á um að frágangur innanhússlagna skuli vera í samræmi við viðurkennda staðla, s.s. ÍST 150. Er hér átt við staðallinn ÍST-150:2009 um raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði og TS-151:2009 sem eru tæknireglur um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði, en tæknireglurnar byggja m.a. á ÍST 150:2009 og reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Í tæknireglunum er fjallað um rafrænar kröfur fyrir íhluta fjarskiptakerfa, um frágang á handverki og hvernig skila skal af sér verki með mælingum og skýrslu, en þær taka mið af ÍST-150:2009.

Af ofangreindu er ljóst að skýrar reglur gilda um það vinnulag sem ber að viðhafa þegar kemur að fjarskiptalögnum og hvað varðar frágang þeirra. Ákvörðun þessi og niðurstaða stofnunarinnar grundvallast þar af leiðandi á fyrrgreindum stöðlum, auk fjarskiptalaga og afleiddra heimilda.

4.3 Afmörkun úrlausnarefnis

4.3.1 Um kröfugerð kvartanda

Í bréfaskiptum kvartanda undir rekstri málsins, sbr. bréf dags. 29. nóvember 2011, komu fram tilteknar kröfur um afstöðu PFS til tiltekinna þátta þessa máls, sbr. yfirlit yfir kröfugerð kvartanda í kafla I. hér að framan.

PFS mun leysa úr og lýsa afstöðu sinni til krafna kvartanda í eftirfarandi köflum, eftir því sem við á.

Hvað varðar kröfu samkvæmt 6. tölulið, þá er hún að mati PFS, þess eðlis að hún fellur ekki undir verksvið stofnunarinnar að fjalla um. Þannig er ekki hlutverk PFS að leggja mat á kostnað og skaðabótaábyrgð vegna tiltekinna meintra mistaka eða vanrækslu í tengslum við framkvæmdina, en slíkt er í höndum dómstóla. Er kröfu samkvæmt þessum tölulið vísað frá.

4.3.2 Um úrbætur GR fyrir framkvæmd úttektar

Í bréfi kvartanda frá 26. mars s.l. kemur fram að svo virðist sem GR hafi látið framkvæma tilteknar úrbætur áður en úttekt Rafskoðunar á vegum PFS fór fram. Telur kvartandi þetta vera til marks um að GR hafi gert tilraun til þess að breyta ásýnd og fegra lagnir fyrir framkvæmd umræddrar úttektar og álitur hann að um saknæmt athæfi kunni að vera ræða.

Mál þetta varðar staðsetningu á húskassa og frágang á ljósleiðaralögn sem kvartandi telur að sé ófullnægjandi og fari í bága við lög og reglur þar að lútandi. Ákvörðun þessi tekur ekki til þeirra úrbóta sem GR hefur þegar fallist á að gera, sbr. bréf félagsins frá 4. apríl s.l., og hefur, eftir atvikum, jafnvel þegar framkvæmt, áður en að úttekt Rafskoðunar fór fram á vegum PFS. Ekkert saknæmt felst í því, að álitu PFS, að GR hafi hugsanlega framkvæmt einhverjar úrbætur áður en umrædd úttekt fór fram, enda er megintilgangur hennar að athuga hvort frágangurinn standist kröfur laga og reglna á þeim degi sem hún er framkvæmd, en ekki til að sýna fram á tiltekin frávík hafi áður verið til staðar í meira mæli en úttektin leiddi í ljós.

4.3.3. Samþykki og umboð fyrir framkvæmdir

Samkvæmt reglum nr. 1109/2006, um innanhússlagnir, eru húseigendur ábyrgir fyrir innanhússlögnum fyrir innan nettengipunkt, sbr. 4. gr. reglnanna. Af þessu leiðir að uppsetning og framkvæmdir við innanhúslagnir þurfa að fara fram með samþykki húseigenda eða tilskilins meirihluta húseigenda ef um fjölbýlishús er að ræða, en þetta má m.a. ráða af 2. og 3. málslíð 3. mgr. 9. gr. reglnanna, en þar segir: „*Fjarskiptafyrirtæki sem tengir nýjan áskrifanda skal einnig heimill aðgangur að greinikössum, kapalstigum, kapalbökkum og strengjum ef þess gerist þörf vegna uppsetningar á samböndum og þjónustu við áskrifanda. Bera skal beiðni um slíkan aðgang upp við húseiganda eða stjórn húsfélags. Óheimilt er að breyta lögnum nema með skriflegu samþykki húseigenda.*“

Samkvæmt gögnum málsins barst GR ósk um það frá tilteknum íbúa fjölbýlishússins að [...] um að fá tengingu við ljósleiðaranet fyrirtækisins. Í kjölfarið hafði GR, eða verktaki á vegum félagsins, samband við umræddan íbúa um nauðsynlegar framkvæmdir þar að lútandi, m.a. varðandi samþykki fyrir framkvæmdinni og upphaflegri tillögu af fyrirhugaðri lagnaleið.

Nú hefur komið í ljós, og er það ágreiningslaust með aðilum, að umræddur íbúi hafði ekki umboð til þess að skuldbinda húsfélag sitt, hvað þá aðra stiganga eða raðhúss að [...], sem tengjast eða hafa aðgang að sameiginlegri bílageymslu fjölbýlishússins, fyrir þeim lagnaframkvæmdum sem ráðist var í, í sameiginlegu rými innanhúss að [...]. PFS sker ekki úr

um afleiðingar þessa, s.s. um ábyrgð á tjóni sem þessi umboðsskortur kanna valda, en það er á færi almennra dómstóla að leggja mat á slíkt.

Samkvæmt framangreindu verður að líta svo á að lagning innanhúslagna á vegum GR, að [...], sé án samþykkis þar til bærna aðila sem hafa heimild til þess að skuldbinda viðkomandi húsfélög fjölbýlishússins og umrætt raðhús. Þetta útilokar þó ekki að mati PFS að leitað sé eftirfarandi samþykkis, sbr. nánar í kafla 4.4.3. hér á eftir.

Á hinn bóginn telur PFS almennt séð og til leiðbeiningar fyrir GR að félaginu beri að beina samskiptum sínum vegna framkvæmda í fjölbýlishúsum, m.a. um samþykki fyrir lagnaframkvæmdum, til fyrirsvarsmanna húsfélaga, eftir því sem kostur er. PFS leggur hins vegar ekkert mat á það hvort það sé óhagræði af slíku verklagi eða einhverjum erfiðleikum háð að afla upplýsinga um það hvaða einstaklingar það eru sem eru í fyrirsvari fyrir húsfélög. Þá telur PFS að ef upp koma tilvik um óánægju eða mótmæli einstakra íbúa við framkvæmdir í fjölbýlishúsi að þá gefi það GR tilefni til, með tilliti til varúðarsjónarmiða, að leita til fyrirsvarsmanna húsfélags varðandi staðfestingu á framkvæmdum, t.d. því að samþykki hafi verið veitt samkvæmt fullgildu umboði, en það var ekki gert í því máli sem hér um ræðir sem e.t.v. hefði orðið til þess að fyrirbyggja frekari ágreining um framkvæmdina.

Telur PFS að með framangreindu sé spurningu kvartanda, samkvæmt 4. tölulið í kröfugerð hans, svarað.

4.3.4 Lögmæti staðsetningar húskassa við tiltekið bílastæði í bílageymslu

Hér að framan hefur þegar verið fjallað um hvort GR hafi haft fullnægjandi heimild til þess að koma upp umþrættum innanhússlögnum og verður því ekki frekar fjallað um það hér.

Hins vegar lýtur umrædd krafa kvartanda jafnframt að því hvort staðsetning húskassa í bílageymslu samræmist 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir sem m.a. kveður á um að húskassar skuli vera staðsettir í sameign fjölbýlishúsa. Kvartandi telur að staðsetning húskassans geti vart talist vera í sameign líkt og reglurnar kveða á um, þar sem hann sé staðsettur á vegg við bílastæði eins íbúa fjölbýlisins, sem hljóti að teljast séreign hans.

Þegar horft er til inntaks þessara hugtaka, þ.e. *séreign* og *sameign*, er nauðsynlegt að horfa til laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, en þar er m.a. að finna skilgreiningar á viðkomandi hugtökum. Ljóst er af lögnum að um séreign og sameign fer eftir þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu, skiptasamningi og/eða öðrum þinglýstum heimildum um viðkomandi hús, hverju sinni og að ef eigendum fjöleignarhúsa greinir á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögnum þá geti þeir leitað til kærunefndar húsamála.

Ekki verður séð að Póst- og fjarskiptastofnun sé bært stjórnvald að lögum til að skera úr um það, út frá lögum um fjöleignarhús, hvort umræddur hluti veggs fylgi viðkomandi bílastæði eða ekki, og hvort um séreign eða sameign er að ræða í skilningi fjöleignarhúsalaga, enda hlutverk stofnunarinnar skýrt afmarkað í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Af ofangreindu leiðir að stofnunin hefur ekki valdheimildir lögum samkvæmt til þess að skera úr um hvort umrædd staðsetning húskassans teljist vera í séreign eða sameign og hvort staðsetning húskassans sé lögmæt með tilliti til þessa.

Telur PFS í þessu samhengi þó fremur koma hér til skoðunar, hvort það samræmist reglunum og þeim stöðlum sem um innanhússfjarskiptalagnir gilda, að í fjölbýli sem þessu, sé einn húskassi sem allir fjarskiptastrengir frá einu og sama inntakinu eru tengdir inn í. Til að hægt sé að taka afstöðu til þessa er nauðsynlegt að taka mið af reglunum um

innanhússfjarskiptalagnir auk þess sem horfa þarf til inntaks ÍST 150:2009 og TS 151:2009, sbr. nánar í kafla 4.4.1 hér á eftir.

4.3.5 Um hæfiskröfur til starfsmanna fjarskiptafyrirtækja og eignarnám skv. fjarskiptalögum
Í kvörtun sinni telur kvartandi, með tilliti til þess frágangs á innanhússlögninni sem um er deilt, að 67. gr. fjarskiptalaga eigi við, er varðar kröfur til hæfis starfsmanna fjarskiptafyrirtækja sem vinna við uppsetningu og viðhaldi á fjarskiptavirkjum.

Markmið þessa ákvæðis er að stuðla að bættu öryggi almennra fjarskiptaneta þannig að heildstæði þeirra, samfelld virkni og órofin þjónusta verði sem best tryggð. Að áliti PFS varða þessar hæfiskröfur því ekki frágang á innanhússlögnum sem eru á ábyrgð húseigenda og teljast ekki vera hluti almennra fjarskiptaneta sem eru í eigu og ábyrgð fjarskiptafyrirtækja. Verður í máli þessu því ekki fjallað frekar um þetta atriði.

Þá er vísað 70. gr. fjarskiptalaga sem fjallar um eignarnám út frá þeim forsendum að innanhússlagnirnar hafi verið lagðar án samþykkis og í óþökk íbúa hússins. Telur kvartandi með öðrum orðum að þá skerðingu á eignarrétti megi jafna til eignarnáms og því komi umrætt ákvæði laganna til skoðunar.

Að áliti PFS á umrætt ákvæði 70 gr. fjarskiptalaga við þegar hluti lands eða tiltekinni aðstöðu, s.s. húsnaðis eða þess háttar, er tekið í notkun í þágu fjarskipta, að hluta eða öllu leyti, með varanlegum hætti þannig að eigandi viðkomandi lands eða aðstöðu sæti skerðingu á sínum eignarréttindum eða að þau færast yfir á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki með formlegum hætti. Þótt ágreiningur hafi sprottið upp á milli aðila um staðsetningu og frágang á umræddum innanhússlögnum, er ekki um það deilt í málinu að samþykki fyrir framkvæmdinni hafi ekki stuðst við fullnægjandi umboð þar til bærra aðila fjölbýlishússins. Eins og sakir standa liggur því ekki fyrir fullnægjandi samþykki fyrir þeim innanhússlögnum sem settar voru upp. Af þessu leiðir að íbúar hafa fulla heimild til þess að fjarlægja eða láta fjarlægja lagnirnar og er því ekki um neina skerðingu á eignarrétti að ræða. Það væri síðan dómstóla að meta, ef ekki næst samkomulag við GR um slíkar aðgerðir, hvort og að hvaða marki húseigendur gætu átt bótarétt á hendur GR vegna hugsanlegs óhagræðis og/eða fjárhagslegs tjóns vegna þessa. Ljóst má vera samkvæmt þessu að ekki hefur átt sér stað neitt eignarnám eða skerðing á eignarréttindum sem 70. gr. fjarskiptalaga tekur til. Verður því ekki fjallað frekar um þetta atriði í máli þessu.

4.4. Staðsetning húskassa og inntaks fjarskiptalagna

4.4.1. Almennt um húskassa og inntak fjarskiptalagna

Í 3. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússlagnir er hugtakið *húskassi* skilgreindur á eftirfarandi hátt: „*Kassi sem staðsettur er við inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna.*“ Er þetta í samræmi við skilgreiningu hugtaksins í ÍST 151:2009, sbr. grein 2.4. Segir einnig orðrétt í grein 3.2.1. um húskassa að húskassi sé „*tengiskápur þar sem allar utanhúss fjarskiptalagnir tengjast inn í húsið og þaðan sem þeim er dreift áfram inn á dreifikerfi hússins.*“ Kemur enn fremur fram að í hverri byggingu með inntaki fjarskiptastrengja og/eða með endabúnaði fyrir þráðlaus sambönd skuli vera húskassi eða húskassar.

Samkvæmt framgreindu er það meginhlutverk húskassa að þjóna fjarskiptainntaki og vera samtengipunktur á milli hins *almenna fjarskiptanets* og innanhússlagna.

Í 6. gr. reglna nr. 1109/2006 er m.a. kveðið á um það að í fjölbýlishúsum skuli vera sérstakt inntak fyrir hvern stigagang í fjölbýlishúsum. Í 7. gr. reglnanna segir svo orðrétt að „*það er á ábyrgð húseiganda að setja upp húskassann.*“ Kemur þar ennfremur fram að „*húskassar skulu vera staðsettir í sameign nálægt inntaki fjarskiptastrengja, á traustum vegg sem að jafnaði skal vera burðarveggur eða einangraður útveggur.*“

Í 6. grein ÍST 150:2009, er fjallað um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsum. Í grein 6.2 segir m.a. að húskassar í fjölbýlishúsum skuli staðsettir í sameignarrými, t.d. sérstöku tæknirými⁶ auk þess sem þeir skuli vera sem næst aðaltöflu rafmagns. Í grein 6.1. segir ennfremur að inntakspípa húss fyrir fjarskiptajarðstrengi skuli enda í húskassa og að í fjölbýlishúsum skuli vera sérstakt inntak fyrir hvert stigahús en í raðhúsum fyrir hvert hús um sig. Er stigahús skv. staðlinum skilgreint sem stigagangur eða sá hluti fjöleignarhúss sem er aðalinngangur og stigar.

Í 4. gr. reglnanna er kveðið á um það að ábyrgð á innanhússlögnum fyrir fjarskipti frá nettengipunkti hvíli á húseigendum og tekur umrædd ábyrgð ennfremur til alls þess viðhalds, breytinga og þeirrar endurnýjunar sem kann að verða á viðkomandi innanhússlögnum. Auk þessa bera húseigendur ábyrgð á því að heildstæði almennra fjarskiptaneta raskist ekki af tengingu þeirra við innanhússlagnir. Þegar horft er til skilgreiningar reglnanna á hugtakinu „innanhússlagnir“ er ljóst að átt er við hvers konar lagnir innanhúss, s.s. húskassa, strengi, greinikassa, rör og tengla fyrir almenna fjarskiptaþjónustu þ.m.t. hljóð- og sjónvarp.sbr. 3. gr. reglnanna.

Af framangreindum ákvæðum og skilgreiningu má sjá að krafa um staðsetningu húskassa tekur annars vegar mið af almennum reglum sem gilda um ábyrgð húseigenda eða húsfélaga, svo og aðgreiningar á milli séreignar og sameignar, þegar um er að ræða fjölbýlishús og hins vegar að um ytri samtengipunkt er að ræða við almennt fjarskiptanet. Því er gert ráð fyrir því að sérstakt fjarskiptainntak þjóni sérhverjum stigagangi í fjölbýlishúsi og að húskassi við það sé staðsettur í sameign og við útvegg eða burðarvegg sem næst inntaki, en það er í samræmi við þá meginreglu 4. gr. reglnanna að hið almenna fjarskiptanet endi þar og við taki ábyrgð húseigenda.

4.4.2 Fyrirkomulag og staðsetning húskassa GR í [...]

Í greinagerð Rafskoðunar, n.t.t. í 3. og 4. kafla hennar, kemur fram að stofnlögn komi í lykllæstan stofnkassa, í gegnum útvegg í norðaustur horni bílageymslu [...]. Húskassinn sé staðsettur á vegg bílastæðis sem tilheyrir íbúð í [...]. Segir ennfremur að úr húskassanum liggi fjórir strengir í þremur rörum. Einn þeirra liggi í röri eftir endilöngu loftinu til vesturs þar sem hann fer í gegnum útvegg bílageymslunnar inn í [...], sem sé raðhús. Annar liggi í röri, í kverk á milli lofts og útveggjar og niður vegginn innan við sameign [...]. Þriðja rörið sé hins vegar með tveimur ljósleiðarastrengjum sem liggi að borgötum inn í sameignir annars vegar [...] og hins vegar [...]. Í viðauka við ákvörðun þessa má sjá umræddar tengingar gróflega rissaðar upp á korti, til frekari glöggvunar, án þess að það sýni þó nákvæma lagnaleið.

Það fyrirkomulag, sem er að finna í [...] að því er varðar frágang og uppsetningu *koparlagna*, fyrirrennara ljósleiðarans, var með þeim hætti að fyrir hvert og eitt húsnúmer var sett sérstök aðaltafla fyrir rafmagn og við hlið hennar sérstakur húskassi fyrir síma. Voru í þessa kassa tengdir stofnstrengir rafmagns og síma. Er ennfremur að finna sér heimtaug rafmagns fyrir bílageymsluna. Eru engar sameiginlegar lagnir að finna, hvort heldur er á milli stigaganga

⁶ Er tæknirými skilgreint skv. staðlinum sem rými fyrir inntök veitustofnana, lyftuvélar, loftræstibúnað og hliðstæðan búnað.

innbyrðis eða milli stigaganga og bílageymslu, líkt og virðist vera fyrirkomulag Gagnaveitunnar, ef tekið er mið af greinagerð Rafskoðunar.

Eins og áður hefur komið fram í kaflanum hér að framan, er gerð skýr krafa um það að í fjölbýli sé sérstakt inntak og húskassi í hverjum stigagangi, svo og sérstakt inntak og húskassi fyrir raðhús. Þegar horft er til fyrrgreindra reglna sem gilda um frágang og uppsetningu fjarskiptalagna verður að telja að sá háttur sem hafður var á uppsetningu og frágangi koparlagnanna sé í samræmi við það sem reglurnar og staðlarnir kveða á um, þ.e. að í fjölbýlishúsum skuli vera sérstakt inntak sem og húskassi í sameign hvers stigagangs. Það sama verður hins vegar ekki sagt um ljósleiðaralagnir GR fyrir umrædd hús.

Í bréfi GR, dags. 10. ágúst s.l., kemur m.a. fram af hálfu félagsins að reglurnar um innanhússfjarskiptalagnir séu á margan hátt óskýrar og óþarflega íþyngjandi þegar um er að ræða innanhússlagnir fyrir fjarskipti, byggð á ljósleiðaratækni. Í þessu samhengi vísar GR til þess að reglurnar miði alfarið við notkun raflagna til fjarskipta auk þess sem að í 7. gr. sé kveðið á um það að húskassar skuli vera jarðtengdir. Slíkt sé hins vegar óþarft þegar um húskassa fyrir óleiðandi ljósleiðaralagnir sé að ræða. Telur GR ennfremur að reglurnar taki einna helst mið af aðstæðum nýbygginga fremur en eldri húsum og vísar til þess að í 6. gr. reglnanna, sé að finna undanþágu fyrir lögnum frá húskassa til séreignar um aðra séreign. Kemur ennfremur fram af hálfu GR að í stigagöngum í [...] hafi verið settir upp tengikassar þar sem endalögn íbúða tengist ljósleiðaraheimtaug GR og með því uppfylli GR því það ákvæði reglnanna að staðsetja húskassa, (sem umræddur tengikassi sé) í stigagangi hvers fjölbýlishúss. Tengikassi fyrir [...] sé hins vegar staðsettur í bílageymslu. Í ljósi þessa andmælir GR þeirri niðurstöðu sem felst í hinni fyrirhuguðu ákvörðun PFS, þ.e. að staðsetning húskassa og inntaks fyrir ljósleiðaralagnir samræmist ekki fyrrgreindum reglum, en fellst þó á það að staðsetning fyrir [...], sé ekki í fullu samræmi við þær.

Að áliti PFS eru sjónarmið GR, um að dreifikassi (nefndur tengikassi í fyrrnefndu bréfi félagsins) geti talist vera húskassi og þannig uppfyllt skilyrði um að vera fjarskiptainntak fyrir hvern stigagang, ósamrýmanleg fyrrgreindum reglum sem raktar eru í kafla 4.4.1. Í *fyrsta lagi* er ekki að finna fjarskiptainntak við hvern stigagang og umræddur dreifikassi getur því ekki talist vera samtengipunktur við almennt fjarskiptanet samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu *húskassi* og meginhlutverki hans, eins og því er lýst í grein 3.2.1. staðalsins ÍST 151:2009. Í *öðru lagi* er umræddur dreifikassi ekki rétt staðsettur ef um húskassa ætti að vera að ræða, enda skal hann vera á útvegg eða burðarvegg sem næst raunverulegu fjarskiptainntaki fjölbýlishússins, þ.e. í sameiginlegri bílageymslu þess. Í *þriðja lagi* ganga röksemdir GR gegn þeirri almennu ábyrgðarskiptingu sem reglur nr. 1109/2006 um innanhússlagnir byggja á, annars vegar að sérhvert húsfélag fyrir hvern stigagang í fjölbýlishúsi og hvert einstakt raðhús skuli hafa umráð og afnot af eigin húskassa, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglnanna, svo og reglunni um að húseigendur beri ábyrgð á innanhúslögnum frá samtengipunkti, sbr. 4. gr. reglnanna. Ef þannig væri fallist á sjónarmið GR myndi öll sú innanhúslögn sem ágreiningur þessa máls stendur um, þ.e.a.s. sú lögn sem liggur í sameiginlegri bílageymslu með tengingu í dreifikassa í hverjum stigangi fyrir sig, teljast vera hluti af almennu fjarskiptaneti GR, þar sem samtengipunkturinn teldist vera frá dreifikassa í sérhverjum stigangi. Að mati PFS væri skurðpunkturinn milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna með því orðinn allt of óljós og ónákvæmur. Það sama myndi gilda um ábyrgð netrekandans á öryggi og heildstæði sinna fjarskiptaneta sem þá myndi að stórum hluta ná til innanhússlagna í fjölbýlishúsum. Það er augljóst að röksemdafærsla sem gengur út á það að dreifikassar geti gengt hlutverki húskassa og þannig talist fjarskiptainntak, fjarri raunverulegu fjarskiptainntaki og

samtengipunkti við almenna fjarskiptanetið við ytri mörk húseignar, gengur ekki upp og er í ósamræmi við 4. gr., sbr. og 6. gr. reglnanna.

Samkvæmt öllu framangreindu virtu er það niðurstaða PFS að inntak ljósleiðara fyrir íbúðir að [...] og staðsetning húskassa, sem tengja skal við hvert inntak, sé ekki í samræmi við kröfur ákvæða 4. og 6. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.

PFS telur að niðurstaða þessi feli í sér afstöðu stofnunarinnar til 3. töluliðar í kröfugerð kvartanda.

4.4.3. *Gildissvið og skuldbindingargildi reglna nr. 1109/2006, um innanhússfjarskiptalagnir*

Að því sögðu verður þó að horfa til þess að umræddar reglur um innanhússfjarskiptalagnir eru frá árinu 2006, en á þeim tíma voru koparheimtaugar ráðandi tækni hvað varðar heimtaugar og reglurnar þar af leiðandi samdar að mestu með það tækniumhverfi í huga, þrátt fyrir að í öllum aðalatriðum eigi það sama við um ljósleiðaralagnir.

Reglurnar hafa í raun þrjú hlutverki að gegna. Í *fyrsta lagi* að mæla fyrir um og ákveða ábyrgðarskiptingu á milli húseigenda og fjarskiptafyrirtækja/netrekenda hvað varðar skil á milli annars vegar hins almenna fjarskiptanets og hins vegar innanhússlagna. Í *öðru lagi* að tryggja jafnan aðgang mismunandi fjarskiptafyrirtækja að húskössum og fjarskiptainntaki í húsum. Í *þriðja lagi* að mæla fyrir um reglur hvað varðar frágang og öryggi innanhússfjarskiptalagna.

Hvað varðar síðast nefnda þáttinn verður að taka mið af því að kröfur um öryggi og frágang byggja á staðlinum ÍST 151:2009 (Tæknireglur um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði – Loftnetskerfi, netkerfi, símakerfi, hússtjórnarkerfi), sbr. tilvísun í 6. gr. reglnanna. Staðallinn er þannig til fyllingar ákvæðum reglnanna um öryggi og frágang fjarskiptalagna og ber sömuleiðis að túlka ákvæðin til samræmis við hann. Ber þá að líta til þess orðalags sem er að finna í 1. kafla staðalsins, þar sem fjallað er um tilgang og markmið tæknireglanna, sem líkt og áður hefur komið fram, byggja á ÍST 150:2009 (Raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði – Gerð, staðsetning og fjöldi tengistaða). Þar kemur fram að þrátt fyrir að tæknireglurnar feli það í sér að verk skuli unnið skv. staðli og reglum og tryggi verkkaupa að verkið skuli unnið samkvæmt þeim, *þá sé verkkaupa þó í sjálfsvald sett hversu útarlega þeim sé fylgt* við uppbyggingu fjarskiptakerfis hans. Að mati stofnunarinnar, verður umrætt orðalag ekki túlkað öðruvísi en svo að heimilt sé að víkja frá gildandi staðli og reglum en þó með því skilyrði að verkkaupi veiti *upplýst samþykki* sitt fyrir slíkum frávikum. Að áliti PFS á frávikjanleiki reglnanna og staðalsins síður við þegar um nýbyggingar er að ræða, enda eðlilegt að við hönnun og smíði þeirra sé tekið mið af yfstrustu kröfum um öryggi og frágang, auk þess slík framkvæmd lýtur eftirliti byggingafulltrúa. Þá er að mati PFS minna svigrúm til frávikarvarðandi atriði sem sömu kröfur eru gerðar um samkvæmt öðrum stöðlum, s.s. ÍST200:2006, um raflagnir bygginga, eða varða mikilvægar öryggiskröfur, t.d. á sviði brunavarna. PFS sker úr um lágmarkskröfur í þessum efnum.

Af því sögðu verður að telja að þótt staðsetning fjarskiptainntaks og húskassa fyrir [...] sé ekki í samræmi við reglur og gildandi staðla að öllu leyti, að þá verði hins vegar að horfa til fyrrgreindrar undantekningar, og þess að um eldri byggingu er að ræða í viðkomandi ágreiningsmáli, þar sem kröfur um búnað og lagnaleiðir miðast við tækni þess tíma sem byggt var, sem kunnir að leiða til þess að erfitt sé eða mjög kostnaðarsamt að fylgja staðlinum eða reglunum eftir í hvívetna.

Sá háttur sem GR hafði á um staðsetningu inntaka og húskassa kann því að uppfylla skilyrði reglnanna, að því gefnu að fyrirtækið hafi leitað eftir upplýstu samþykki viðkomandi íbúa, eða að skýr beiðni þess efnis hafi komið frá verkkaupa sjálfum. PFS fær hins vegar ekki séð af gögnum þessa máls, að GR hafi lagt fram haldbær gögn því til staðfestingar, að leitast hafi verið eftir samþykki íbúa fyrir þessu fyrirkomulagi. PFS telur á hinn bóginn að ekkert sé því til fyrirstöðu að slíks samþykkis sé aflað eftir á eða að gerðar séu þær breytingar á núverandi fyrirkomulagi innanhússlagnanna sem aðilar verða ásáttir um.

PFS telur að niðurstaða þessa kafla um að reglur nr. 1109/2009 um innanhússfjarskiptalagnir, séu frávíkjanlegar hvað varðar kröfur um frágang innanhúslagna, að því gefnu að upplýst samþykki húseiganda liggi fyrir, feli í sér svar við spurningum samkvæmt liðum 1-2 í kröfugerð kvartanda.

4.4.4. *Krafa kvartanda um nýja staðsetningu fjarskiptainntaka og húskassa*

Hvað varðar þá kröfu kvartanda að GR verði gert að leggja nýjar heimtaugar frá stofnlögn í hvern stigagang fyrir sig, að [...] og íbúðar í raðhúsalengju, [...], þá ber að hafa í huga að sú þjónusta sem Gagnaveita Reykjavíkur býður upp á er ekki háð neinum kvöðum af hálfu PFS.

Er hér verið að vísa í þá heimild stofnunarinnar, lögum samkvæmt, um að leggja svonefndar alþjónustukvaðir á fjarskiptafyrirtæki. Til *alþjónustu* teljast afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra, sbr. hugtakaskilgreiningu 6. töluliðar 3. gr. fjarskiptalaga. Ef horft er til 3. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti þá eru þar talin upp þau efnisatriði sem teljast til alþjónustu, sbr. eftirfarandi: Almenn talsímabjónusta, handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar), þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir, gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða (ISDN nettenging), aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og aðgangur að upplýsingaþjónustu um öll símanúmer, eru útgáfa símaskrár, upplýsingaþjónusta um símanúmer og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir hvað varðar aðgengi að fjarskiptum meðal þessara efnisatriða.

Þeim skyldum að tryggja öllum landsmönnum *talsímabjónustu* og lágmarks *gagnaflutningsþjónustu* (128 Kb/s) er skipt á milli annars vegar Símans hf. og hins vegar Mílu ehf., sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007, sbr. og gildandi kvaðir samkvæmt ákvörðun PFS nr. 32/2011. Sú kvöð hvílir á Mílu ehf. að leggja heimtaugar til allra lögheimila og fyrirtækja og viðhalda heimtaugakerfinu. Hefur fyrirtækið til margra ára lagt koparheimtaugar í hús, en undanfarið lagt ljósleiðara í stað koparheimtauga. Það er síðan skylda Símans hf. að tryggja aðgang að talsímabjónustu og lágmarksgagnaflutningsþjónustu um allt land.

Engin sambærileg kvöð hvílir á GR að leggja ljósleiðara í íbúðarhús og fyrirtæki. Hefur félagið ráðist í slíkar framkvæmdir að eigin frumkvæði á markaðslegum forsendum. GR er þannig í sjálfsvald sett með tilliti til fjarskiptalaga, að teknu tilliti til stefnu og samþykktu félagsins, hvort að það tengir íbúðir við [...] við ljósleiðaranet sitt. GR verður því hvorki þvingað með ákvörðun PFS að leggja ljósleiðara við tiltekin heimili eða fyrirtæki, né henni gefin fyrirmæli um ákveðna staðsetningu fjarskiptainntaka og húskassa, m.a. út frá frávíkjanleika reglna nr. 1109/2006, um innanhússfjarskiptalagnir, um slík atriði, sbr. umfjöllun í kafla 4.4.3. hér að framan.

4.5. Afstaða til ágreiningsatriða í úttektarskýrslu um frágang GR á innanhússfjarskiptalögnum

4.5.1. Almennt

Í þessum kafla mun PFS taka afstöðu til þeirra atriða í úttektarskýrslu Rafskoðunar sem ágreiningur stendur um. Hafa verður í huga að í athugasemdum GR við umrædda skýrslu, dags. 4. apríl 2012, var farið yfir meinta annamarka á uppsetningu á frágangi innanhússlagnanna, lið fyrir lið, auk þess sem viðbótarathugasemdir við úttektina var að finna í bréfi GR, dags. 10. ágúst 2012. Í mörgum tilfellum féllst GR á að úrbóta væri þörf. PFS telur ekki tilefni að fjalla sérstaklega um þau atriði, heldur mun gefa félaginu hæfilegan frest til þess að bæta úr þeim, hafi félagið ekki þegar gert það.

Viðfangsefni PFS er hins vegar að leysa úr og taka afstöðu til þeirra atriða sem út af standa og GR gerir ágreining um. Verður því órutt fjallað um einstakar ábendingar Rafskoðunar, því næst vikið að viðeigandi athugasemdum GR og loks gerð grein fyrir afstöðu PFS til umræddra atriða.

Telji PFS vera tilefni til þess að GR ráðist í einhverjar frekari úrbætur en félagið hefur þegar fallist á að framkvæma verður mælt fyrir um það sérstaklega. Að áliti PFS er það í samræmi við 8. tölulið í kröfugerð kvartanda.

4.5.2 Frágangur í bílageymslu í [...]

Athugasemdir Rafskoðunar

Í greinagerð Rafskoðunar kemur fram í umfjöllun um hina sameiginlegu bílageymslu [...] að stofnstrengur komi utan frá inn í stofnkassa GR, en kassinn er á útvegg í norðaustur horni bílageymslu og er á bílastæði sem tilheyrir íbúð í [...]. Við kassann tengjast þrjú ídráttarrör með lagnabörkum. Kemur fram að réttan tengibúnað vanti á milli kassa og röra sem og á milli röra og barka (ÍST 200, grein 512.2). Kemur enn fremur fram að frágangur ídráttarröra sé víða ófullnægjandi, bæði m.t.t. festinga og samsetninga og lagnaleiða. Samkvæmt ábendingu Rafskoðunar, vantar festingar þar sem tvö röranna sem liggja upp með stofnkassanum og eru beygð fyrir innan glugga (ÍST 200, grein 522). Annað þessara röra liggur síðan í kverk á milli lofts og útveggjar og niður vegginn innan við sameignina [...]. Þar er borað í gegn um útvegginn og merkingar vantar á strenginn (TS 151, grein 4.6). Er veggurinn eldvarnarveggur. Sparslað er í borgatið en merkingu um lögmæti þéttingarinnar vantar (ÍST 200, grein 527.2 og TS 151, grein 4.3). Áverkahætta er á ljósleiðarastrengnum þar sem hann er ekki hulinn að fullu af ídráttarröri eða barka (ÍST 200, grein 512 og TS 151 grein 4.2). Er þessi frágangur á gegnumtökum (samtais 4) samkvæmt Rafskoðun alls staðar eins.

Athugasemdir GR

GR telur að athugasemdir Rafskoðunar sem lúta að inntaki í bílageymslu, eða n.t.t. um að réttan tengibúnað vanti á milli „kassa og röra“ og „röra og barka“ sbr. ÍST 200, 512.2 gr., eigi ekki við rök að styðjast. Kemur fram af þeirra hálfu að umrædd tilvísun Rafskoðunar í staðalinn eigi ekki við í viðkomandi tilfelli enda sé verið að fjalla um raflagnabúnað í staðlinum en ekki ljósleiðarabúnað. GR vísar til þess að ljósleiðaraskápurinn (inntakskassinn) sé frá viðurkenndum framleiðanda (Huber & Suhner) og gert sé ráð fyrir því að inntak ljósleiðarastrengja sé í gegnum þar til gerð inntök, annað hvort að ofan- eða neðanverðu. GR fellst þó á að frágangur röra og barka í kringum kassann og inntak strengja mætti vera betra og tekur fram að það verið lagfært.

Í bréfi GR, dags. 4. apríl s.l., er ennfremur að finna athugasemdir að því er varðar umfjöllun Rafskoðunar um að þétting sé með viðurkenndu brunavarnarefni, en merkingu vanti hins vegar þar sem borað sé frá bílageymslu yfir í [...], eða á þremur stöðum. Tiltók GR að félagið myndi tryggja viðeigandi merkingar þar sem borað væri á milli bílageymslu og [...]. Með bréfi GR, dags. 10. ágúst s.l., bárust stofnuninni þó frekari athugasemdir er lutu að viðkomandi atriði. Þar kom fram af hálfu GR að við nánari skoðun gæti félagið ekki séð, þegar tilvísaðir staðlar væru skoðaðir (ÍST 200 og TS 151), að farið væri fram á slíkar merkingar við borgöt á milli brunahólfa. GR væri því ókleift að finna upplýsingar um hvað ætti að merkja og með hvaða hætti. GR vísaði einnig til þess að sérfræðingur hjá Mannvirkjastofnun, sem leitað var leiðbeininga hjá, hafi ekki getað vísað á kröfur varðandi umræddar merkingar. GR telur því að merkingar séu fullnægjandi á milli brunahólfa nema sýnt sé fram á annað.

Afstaða PFS

Hvað varðar það ágreiningsatriði er lýtur að því hvort réttan tengibúnað vanti á milli „kassa og röra“ og „röra og barka“ þá er líkt og fram kemur í greinagerð Rafskoðunar vísað í staðalinn ÍST 200:2006, sbr. 512.2. gr. hans, til stuðnings athugasemdinni. Eins og GR bendir þó réttilega á í athugasemdum sínum, þá tekur viðkomandi staðall til raflagna bygginga, sbr. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009, en yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, s.s. skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og markaðseftirliti raffanga, er á forræði Mannvirkjastofnunar. Af þeim sökum er PFS hvorki bært stjórnvald til þess að kveða á um að umrædd grein staðalsins eigi við um þennan tiltekna þátt framkvæmdarinnar, né heldur hvort umrætt ágreiningsatriði uppfylli skilyrði viðkomandi staðals eða sé í andstöðu við hann. PFS getur þar af leiðandi ekki tekið afstöðu til þessa atriðis.

Einnig gerir GR athugasemdir við niðurstöðu Rafskoðunar að því er varðar merkingar við þéttingar á götum í gegnum brunaveggi. Þegar gefur að líta á teikningu af [...], frá árinu 1973 sem samþykkt var af byggingarnefnd Reykjavíkurborgar 13. september s.á, er ljóst að B60^[1] eldvarnarhurðir eru skv. teikningunni fyrirskrifaðar á stigagöngum. Með öðrum orðum, þá telst hver stigagangur sérstakt eldhólf og á þar af leiðandi að vera þétt. Ef göt eru boruð í vegg brunahólfsins þarf að sýna fram á að þétting með götunum sé a.m.k. jafngóð og hurðin, þ.e hafi a.m.k. 60 mínútna eldþol. Sýnir teikningin ennfremur fram á að á milli bílageymslu og sameigna eru tvöfaldir steinsteyptir veggir, 18 cm og 20 cm, sem felur í sér að lágmarki A120, þ.e.a.s. 120 mínútna brunapól óbrennanlegs efnis. Á það sama við hér, þétting með strengjunum á að vera a.m.k. jafn góð og veggirnir.

Af ofangreindu leiðir að göt í gegnum skil á milli brunahólfa skal ótvírætt þetta með efnunum sem eru a.m.k. jafn góð og veggirnir sem borað er í gegnum. Í skýrslu Rafskoðunar er þessu til stuðning vísað til TS 151:2009, grein 4.3. en þar er kveðið á um strengi gegnum brunaveggi. Þar segir að ef strengur er lagður í gegnum brunaskil, svo sem brunavegg, milli hæða, skilvegg milli íbúða og annars konar húsakynna, ásamt skilrúmum sem skv. gildandi reglugerð krefjast eldvarnarveggja, þá skuli í gegnum hvern einstakan gegnumgang strengsins gengið frá fullkominni þéttingu skv. ákvörðun byggingaryfirvalda. Ljóst er af þessu að gerð er skýr krafa um þéttingu með viðurkenndum efnunum. Samkvæmt upplýsingum PFS, þá fá viðurkenndir brunapéttingaraðilar hjá innflytjendum slíkra efna, að öllu jöfnu þar tilgerðan miða til að setja við slíkar þéttingar. Á viðkomandi miði þannig að staðfesta að brunapéttingin sé frágengin samkvæmt fyrirmælum framleiðanda efnisins og að hún uppfylli þær kröfur sem

^[1] Á þessum tíma var talað um brunavarnir af A og B gerð. A stóð fyrir óbrennanleg efni eins steinsteypu og B fyrir torbrennanleg efni.

Mannvirkjastofnun gerir til brunapöls. Þegar horft er til viðkomandi ákvæðis er þó ljóst að ekki er skýrt kveðið á um slíkar merkingar, heldur einungis tekið fram að gengið skuli frá fullkominni þéttingu samkvæmt ákvörðun byggingaryfirvalda. Af því sögðu telur PFS það fyrirkomulag GR, að merkja ekki sérstaklega þar sem borað er á milli bílageymslu og [...], ekki brjóta í bága við umrætt ákvæði, enda sú skylda uppfyllt af hálfu félagsins að þetta með viðurkenndu brunavarnarefni, eins og mælt er fyrir um í fyrrgreindum tæknireglum sbr. 4.3 gr. þeirra. Því eru ekki forsendur til að mæla fyrir um úrbætur hvað þetta varðar. PFS telur á hinn bóginn að uppsetning slíkra merkinga séu til marks fagleg og ábyrg vinnubrögð framkvæmdaraðila og til þess fallið að auka skilvirkni eftirlits.

PFS vill þó að lokum benda á að í athugasemdum GR, dags, 4. apríl s.l., er að finna ósamræmi að því er varðar það hvort þéttingar með viðurkenndu brunavarnarefni séu þegar til staðar eða ekki, að [...], þar sem borað hefur verið í gegnum eldvarnarvegg. GR hefur þegar skuldbundið sig til þess að lagfæra umrætt atriði, ef félagið hefur ekki þegar gert svo, en fram kom af hálfu GR í bréfi þess, dags. 28. október 2011, að félagið muni sjá til þess að verktaki þétti borgöt með brunapétiefni þannig að reykur komist ekki á milli brunahólfa. Með hliðsjón af ofangreindu ítrekar PFS mikilvægi þess að brunapétting sé frágengin samkvæmt fyrirmælum framleiðanda efnisins og uppfylli kröfur Mannvirkjastofnunar um brunapöls.

Að mati PFS felur ofangreint í sér efnislegt svar við spurningu kvartanda samkvæmt 5. tölulið kröfugerðarinnar.

4.5.3 Frágangur sameignar í [...]

Athugasemdir Rafskoðunar

Samkvæmt greinagerð Rafskoðunar kemur ljósleiðarastrengurinn inn um borað gat á eldvarnarvegg úr bílageymslu inn í hitakompu undir stiga, og liggur síðan upp vegginn í ídráttarröri. Þaðan liggur hann í áttina að aðaltöfluherbergi í gegnum eldvarnarvegg, þar sem hann beygir skarpt yfir hurð og í áttina að aðaltöflu. Ekki verður séð, samkvæmt úttekt Rafskoðunar, að þéttingar með strengjum séu skv. reglum þar sem merkingu vantar við þéttingu á gegnumtakinu í gegnum vegginn að bílageymslunni og alls engin þétting er í borgati á seinni eldvarnarveggnum. Margar krappar beygjur eru á strengjunum sem eru með beygjuradíus undir mörkum settum af framleiðanda þeirra. Ennfremur er bent á að borað er gat fyrir strenginn í töfluskápinn að ofanverðu og hann síðan leiddur á bakvið rafbúnaðinn í aðaltöflunni og út í mælahólfið þar sem hann liggur inn í inntakskassa GR. Úr kassanum liggja síðan strengir til notenda um rafbúnaðarhólf töflunnar og þaðan eftir ídráttarrörum fyrir kvíslagnir til notenda. Þar sem strengirnir liggja í gegnum hliðar töfluskápsins vantar viðeigandi inntaksbúnað og er veruleg hættu á skemmdum á strengnum (ÍST 200, grein 512 og TS 151, grein 4.2). Allar merkingar vantar ennfremur á strengina (TS 151, grein 4.6).

Athugasemdir GR

Líkt og í fyrri athugasemd félagsins hér að framan, þá bendir GR á að þétting sé með viðurkenndu brunavarnarefni og telur að merkingar séu fullnægjandi á milli brunahólfa, ólíkt því sem Rafskoðun heldur fram. GR gerir ennfremur athugasemdir við þá staðhæfingu Rafskoðunar um að beygjuradíus sé undir þeim mörkum sem sett eru af framleiðanda. Bendir GR á að samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda (Huber & Suhner), þá er 50 mm. beygjuradíus leyfður á ljósleiðarastrengjum. Bendir GR á að félagið geti ekki séð, eftir skoðun strengsins, að beygjuradíus sé minni en 50 mm. Bendir GR ennfremur á að umræddur strengur sé í röri og því sé ómögulegt að mæla nákvæmlega. Telur GR því ekki þörf á að breyta beygjuradíus.

Hvað varðar athugasemdir Rafskoðunar er lúta að fyrirkomulagi og frágangi ljósleiðarastrengja og rafmagnstöflu, þá kemur fram af hálfu GR að ljósleiðarakassi verði færður út úr rafmagnstöflu og staðsettur fyrir ofan hana, auk þess sem viðeigandi festuhniplar verði notaðir þar sem ljósleiðarastrengir fari inn í rafmagnstöflu. GR bendir á að strengirnir í ljósleiðarakassa verði ennfremur merktir.

Afstaða PFS

Þegar hefur verið fjallað um athugasemdir Rafskoðunar, GR og afstöðu PFS að því er varðar merkingar við þéttingar á borgötum, sbr. umfjöllun PFS í kafla 4.5.2 hér að framan. PFS sér því ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um það hér. Hins vegar gerir GR athugasemdir við niðurstöðu Rafskoðunar að því er varðar beygjuradíus á fjarskiptastrengjum og hvort hann sé undir settum mörkum framleiðanda eður ei, en skv. niðurstöðum greinagerðar Rafskoðunar þá eru beygjur á strengjunum of krappar. Í þessu sambandi vill PFS benda á það að ljósleiðarar eru eðli málsins samkvæmt viðkvæmir og þar af leiðandi takmarkað hvað strengur þolir skarpar beygjur. Ljóst er að ef beygjur á strengnum fara undir þau mörk sem strengurinn þolir, skv. uppgefnum mörkum framleiðanda þar um, getur það haft í för með sér að flutningsgæði eftir strengnum rýrna. Rétt er það hjá GR að erfitt getur reynst að mæla beygjuradíus með handvirkum hætti en eftir skoðun Rafskoðunar þótti þó ljóst að beygjuradíus væri víða undir mörkum framleiðanda, þ.e 50 mm. Er það mat PFS að ekkert sé fram komið af hálfu GR sem sýni fram á eða gefi til kynna að mælingar Rafskoðunar séu ekki á rökum reistar.

Hvað varðar röksemdir GR um erfiðar aðstæður og að óumflýjanlegt væri að beygja streng þá telur stofnunin að oftast nær sé hægt að hafa réttan beygjuradíus þrátt fyrir aðstæður. Í umræddu tilfelli hefði t.a.m verið hægt að útbúa gegnumtakið með þeim hætti að beygjuradíusinn hefði verið réttur og þar með verið komið í veg fyrir svo krappar beygjur, sem raun ber vitni. Með því væri ennfremur búið að koma í veg fyrir möguleikann á rýrnun flutningsgæða. Þegar ofangreint er haft í huga getur PFS ekki fallist á þau sjónarmið GR að ekki sé ástæða til lagfæringa, á þeim stöðum sem Rafskoðun taldi beygjur undir settum mörkum. GR skal því gert að lagfæra beygjuradíus á tilgreindum stöðum, samkvæmt úttektarskýrslu Rafskoðunar, til samræmis við uppgefin mörk framleiðanda.

Líkt og fram kom í athugasemdum GR þá hyggst félagið gera viðeigandi ráðstafanir og úrbætur að því er varðar fyrirkomulag ljósleiðarastrengja í rafmagnstöflu. Af þeim sökum er það mat PFS að ekki sé þörf á að fjalla frekar um þetta atriði.

4.5.4. Frágangur sameignar í [...]

Athugasemdir Rafskoðunar

Ljósleiðarastrengurinn kemur inn um borað gat á eldvarnarvegg úr bílageymslu inn í hitakompu undir stiga. Sparslað er í borgatið en merkingu um lögmæti þéttingarinnar vantar (ÍST 200, grein 527.2 og TS 151, grein 4.3). Strengurinn liggur síðan upp vegginn í ídráttarröri. Þaðan liggur rörið í gegnum annan eldvarnarvegg, beygir skarpt yfir hurð og aftur að, og eftir vegg með aðaltöflu í stofnkassa þétt við hlið aðaltöflu. Ekki hefur verið gengið frá borgatinu í gegnum seinni eldvarnarvegginn. Eru ennfremur margar krappar beygjur á strengjunum sem eru með beygjuradíus undir mörkum settum af framleiðanda þeirra. Útigangandi strengir liggja ýmist í gegnum hlið aðaltöflu um borgöt með verulegri áverkahættu og eru síðan teknir í gegnum hlið aðaltöflu og leiddir á bak við rafbúnaðinn í aðaltöflunni og liggja síðan með kvíslögnum í íbúðir notenda eða eru teknir út í gegnum ídráttarbarkann sem liggur á milli aðaltöflu og stofnkassa og undir spjald sem hylur símainntak. Þaðan er lögnunum dreift til notenda um stofnlagnir síma. Hér bendir Rafskoðun á að allan inntaksbúnað vantar (ÍST 200, gr. 512, og TS 151, gr. 4.2), og allir strengir eru

ómerktir (TS 151, gr. 4.6). Er það óviðunandi frágangur að taka lagnir í gegnum barka eða rör að mati úttektaaðila.

Athugasemdir GR

GR gerir sem fyrr segir athugasemdir við umfjöllun Rafskoðunar að því er varðar merkingar við þéttingar á borgötum, auk þá umfjöllun Rafskoðunar er lýtur að beygjuradíus fjarskiptastrengja, en fyrirtækið telur sig uppfylla þau skilyrði er lúta að frágangi þessara atriða. Hvað varðar athugasemdir Rafskoðunar er lúta að fyrirkomulagi og frágangi ljósleiðarastrengja og rafmagnstöflu, þá kemur fram af hálfu GR að ljósleiðarakassi verði færður út úr rafmagnstöflu og staðsettur fyrir ofan hana, auk þess sem viðeigandi festuhniplar verði notaðir þar sem ljósleiðarastrengir fari inn í rafmagnstöflu. GR bendir á að strengirnir í ljósleiðarakassa verði enn fremur merktir. GR fellst þó ekki á þá athugasemd Rafskoðunar um að inntaksbúnað vanti hjá símainntaki, þar sem lögnum er dreift um stofnlagnir síma eða að allan inntaksbúnað vanti en GR fær ekki séð að í tilgreindum stöðlum eða reglugerðum sé að finna slíka kvöð. GR bendir hins vegar á að strengir frá ljósleiðarakassa í símainntak verði lagðir í barka til að minnka áverkahættu í samræmi við TS 151:2009, gr. 4.2.

Afstaða PFS

Afstöðu PFS vegna merkingar við þéttingar á borgötum og beygjuradíus hefur þegar verið lýst hér að framan sbr. kafla 4.5.2 og 4.5.3. Er það sama að segja um fyrirkomulag og frágang ljósleiðarastrengja í rafmagnstöflu sbr. kafla 4.5.3. Verður það ekki ítrekað hér.

Hvað varðar athugasemdir þær er lúta að því að inntaksbúnað vanti þar sem lögnum er dreift um stofnlagnir síma þá vísar Rafskoðun til ÍST 200, gr. 512 og TS 150:2009, gr. 4.2. Ljóst er að staðallinn ÍST 200:2006, er ekki á forræði stofnunarinnar og því tekur PFS ekki afstöðu til kröfu samkvæmt umræddri tilvísun. Í gr. 4.2. í TS 151:2009, segir hins vegar að strengur sem lagður er í stigagang, kjallaragang eða aðra staði, þar sem umferð er, skuli vera vandlega varinn gegn utanaðkomandi hnjaski, t.d. í röri eða lagnastokk PFS lítur svo á að í fyrrnefndri gr. 4.2. felist sú krafa að verja skuli strengi gegn hnjaski og álagi frá hverskyns umferð og umhverfisþáttum sem rekja má til byggingarinnar s.s. hita, kulda og raka með það að markmiði að draga úr hættu á bilunum. Þegar hefur verið rakið hér að framan að ljósleiðarar eru eðli málsins samkvæmt viðkvæmir og því mikilvægt að frágangur slíkra strengja sé í samræmi við þar til gerðar kröfur. Þegar hefur komið fram af hálfu GR, að á tilgreindum stöðum verði ljósleiðarakassar færðir út úr rafmagnstöflum og staðsettir fyrir ofan hana, auk þess sem viðeigandi festuhniplar verði notaðir þar sem ljósleiðarastrengir fari inn í rafmagnstöflu, og strengirnir í ljósleiðarakassa merktir. Að mati PFS telur stofnunin þó mikilvægt að við þessar lagfæringar GR verði umrætt fyrirkomulag ljósleiðarastrengja inn í símainntak einnig endurskoðað, með fyrrgreinda gr. 4.2. í huga. Skýrist sú afstaða stofnunarinnar að um símainntak er að ræða, en ljóst er að mati stofnunarinnar að afleiðingar þess, ef strengur er illa varinn, geti t.a.m. leitt af sér rof á almennri símalínu inn í fjölbýlishúsið. Það er því niðurstaða PFS að GR skuli leggja strengi frá ljósleiðarakassa í símainntak í barka til að minnka áverkahættu í samræmi við fyrrgreindar TS 151:2009, gr. 4.2.

4.5.5 Frágangur sameignar í [...]

Athugasemdir Rafskoðunar

Ljósleiðarastrengurinn kemur skv. úttektarskýrslu Rafskoðunar inn um borað gat á eldvarnarvegg úr bílageymslu inn í hitakompu undir stiga, liggur upp vegginn í ídráttarröri,

inn í horn yfir vatnslögnum þar sem rörið er laust. Þar vantar festingar (ÍST 200, gr. 522). Þar er rörið beygt í átt að hurð og þaðan liggur það í gegnum annan eldvarnarvegg með strengnum í borgatínu í gegnum eldvarnarveggina (tveir veggir). Margar krappar beygjur eru á strengjunum sem eru með beygjuradíus undir mörkum settum af framleiðanda þeirra. Strengurinn liggur í gegnum hlið aðaltöflu inn í skápinn um borgat með verulegri áverkahættu og er leiddur á bak við rafbúnaðinn í aðaltöflunni og út í mælahólfið þar sem hann liggur inn í inntakskassa GR. Úr kassanum liggja síðan strengir til notenda um rafbúnaðarhólf töflunnar og þaðan eftir ídráttarrörum fyrir kvíslagnir til notenda. Allan inntaksbúnað vantar og þar sem strengirnir liggja í gegnum hliðar töfluskápsins vantar viðeigandi inntaksbúnað (ÍST 200, gr. 512 og TS 151, gr. 4.2). Allar merkingar vantar á strengina (TS 151, gr. 4.6).

Athugasemdir GR

GR gerir athugasemd við umfjöllun Rafskoðunar um beygjuradíus og fellst ekki, líkt og áður hefur komið fram, á það með Rafskoðun, að beygjuradíus sé undir settum mörkum framleiðanda. GR bendir á að festingar á ídráttarröri í horni yfirvatnslögnum verði bættar. Ennfremur tiltekur GR að ljósleiðarakassi verði færður úr rafmagnstöflu og staðsettur við hlið hennar, og frágangur strengja með þeim hætti að minnka áverkahættu. Ennfremur bendir GR á að viðeigandi festuhnipplar verði notaðir þar sem ljósleiðarastrengir fara inn í rafmagnstöflu. Munu strengir í ljósleiðarakassa að lokum verða merktir.

Afstaða PFS

Vísað er til fyrri afstöðu PFS í kafla 4.5.2. hér að framan, að því er varðar beygjuradíus fjarskiptastrengja og afstöðu PFS til fyrirkomulags og frágangs ljósleiðarastrengja í rafmagnstöflu sbr. kafla 4.5.3. Verður það ekki ítrekað hér.

4.6 Kostnaður við framkvæmd úttektar

Eins og þegar hefur verið rakið hér að framan, í umfjöllun stofnunarinnar um bréfaskipti aðila málsins, þá var GR upplýst um þá ákvörðun stofnunarinnar að leita til faggilds aðila til þess að skoða og meta hvort umræddar fjarskiptalagnir og frágangur þeirra væri í samræmi við fjarskiptalög og afleiddar heimildir. Kom þar einnig fram af hálfu PFS að ef sú skoðun myndi leiða í ljós að frágangi væri í verulegum atriðum ábótavant af hálfu GR, þá hygðist stofnunin fella þann kostnað að hluta til, eða að öllu leyti á GR. Líkt og ítrekað hefur fram komið, þá leiddi sú skoðun í ljós að frágangur var í verulegum atriðum ófullnægjandi og ekki í samræmi við þau lög og þeirra afleiddu heimilda sem um slíkan frágang gilda. Bárust stofnuninni engar athugasemdir vegna þessa af hálfu GR.

Ljóst er að mati PFS að ágreiningsmál þetta er af tæknilegum toga enda lýtur ágreiningurinn að mestu leyti að tæknilegum útfærsluatriðum fjarskiptalagna og frágangi, sem þarfnast þar til gerðrar sérfræðipækkingar til að mögulegt sé leysa úr þeim og komast að niðurstöðu í málinu. Með vísan til þessa var ákveðið að leita til reynds og vottaðs skoðunaraðila til að framkvæma úttektina fyrir hönd stofnunarinnar. Í 11. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, er skýrt kveðið á um heimild til handa stofnuninni um að leggja kostnað, sem til getur fallið, á póstrekendur eða fjarskiptafyrirtæki, s.s. vegna sérfræðivinnu eða vegna sérstakra kannana sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og rekja má sérstakan kostnaðarauka til atvika er varða fyrirtækið. Að mati PFS er umrætt ágreiningsefni þess eðlis að það fellur undir viðkomandi ákvæði laganna.

Af því sögðu er það niðurstaða PFS að GR verði gert að greiða þann kostnað sem til féll vegna skoðunar Rafskoðunar, að upphæð kr. [...], með vsk., með tilvísun til fyrrgreindrar 11. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003.

V.

Samandregin niðurstaða

Þegar horft er til þess ágreiningsmáls sem hér er uppi, og lýtur að framkvæmd við lagningu ljósleiðara og frágangi fjarskiptalagna, má ljóst vera að gera verður ríkar kröfur til þeirra sem við slíkt starfa, um að tryggja vernd og öryggi fjarskiptalagna og að fagmennsku sé gætt í hvívetna þegar kemur að frágangi.

Af ofangreindri umfjöllun PFS um frágang ljósleiðaralagna sem og af úttekt þeirri sem fram fór, fyrir tilstuðlan stofnunarinnar, af hálfu Rafskoðunar ehf., má leiða að frágangi ljósleiðaralagnarinnar hafi verið verulega ábótavant og að talsvert vanti upp á að hann sé samkvæmt gildandi lögum og afleiddum heimildum. Er hér átt við lög nr. 81/2003 um fjarskipti, reglur nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, og tilgreinda staðla ÍST 150:2009 og TS 151:2009.

Ef ofangreind niðurstaða úttektarinnar er samandregin er ljóst að ýmsa vankanta var að finna s.s eins og á þéttingum við borgöt í eldvarnarveggjum, frágangi og festingum á ídráttarrörum- og barka almennt, þar með talinni áverkavörn auk þess sem of krappar beygjur væri að finna á ljósleiðarastrengjum. Er enn fremur að finna dæmi um lélegan frágang á gegnumtökum í aðaltöflum rafmagns í sameignum, víða með verulegri áverkahættu auk þess sem að strengir og greinikassar eru ómerktir.

Eins og fram kom í bréfi Gagnaveitu Reykjavíkur, dags. 26. mars s.l., þá hefur fyrirtækið þegar fallist meirihluta athugasemda Rafskoðunar og greint PFS frá því að fyrirtækið hyggist framkvæma úrbætur. Verður að mati PFS að telja það fyrirtækinu til tekna. Það breytir þó ekki því að frágangi var ábótavant í verulegum atriðum líkt og fyrrgreind greinagerð Rafskoðunar leiddi í ljós. Þegar ofangreint er samantekið þá eru það eftirtalin atriði sem Gagnaveitunni ber að bæta úr að mati PFS:

- a. Bæta skal úr þéttingum á götum í gegnum brunaveggi með viðurkenndu brunavarnarefni í [...], sbr. TS 151:2009, gr. 4.3., ef svo hefur ekki þegar verið gert.
- b. Merkja skal strengi og búnað í samræmi við TS 151:2009, gr. 4.6. Er hér átt við bílageymslu þar sem borað er á milli bílageymslu og [...] og merkingu á ljósleiðarastrengi í rafmagnstöflu í sameign [...].
- c. Beygjuradíusar á strengjum sem eru undir settum mörkum framleiðanda skv. úttektarskýrslu Rafskoðunar, skulu lagfærðir í bílageymslu og sameign [...], sbr. TS 151:2009, gr. 4.7.
- d. Gerðar skulu úrbætur þar sem áverkahætta er á strengjum í bílageymslu, sbr. á streng fyrir [...]. Enn fremur þar sem ljósleiðarstrengir liggja inn í rafmagnstöflu í [...] og þar sem strengir liggja frá ljósleiðarakassa í símainntak í sameign að [...], sbr. TS 151:2009, gr. 4.2.
- e. Færa skal ljósleiðarakassa út úr rafmagnstöflum og gera skal viðeigandi ráðstafanir þar sem ljósleiðarastrengir fara inn í rafmagnstöflu, í sameignum að [...]. Einnig skal merkja strengi í ljósleiðarakassa sbr. TS 151:2009, gr. 4.6.

Framangreind atriði eru þó frávíkjanleg að því gefnu að samkomulag um það náist á milli GR og viðeigandi húseigendur að [...]. Undanskilið þessu eru þó þau atriði er snúa að þéttingum á götum í gegnum brunaveggi með viðurkenndu brunavarnarefni og þær úrbætur sem mælt er fyrir um og varða núverandi fyrirkomulag ljósleiðarakassa í rafmagnstöflum, sbr. a.- og e.-liði hér að ofan. Þar sem viðkomandi atriði varða öryggi telur PFS mikilvægt að ráðist verði

umræddar úrbætur, eins og GR hefur þegar fallist á að gera, svo að öryggi fólks sé ekki stefnt í hættu.

Er það ennfremur niðurstaða PFS að inntak ljósleiðara fyrir íbúðir að [...] og staðsetning húskassa, sem tengja skal við hvert inntak, sé ekki í samræmi við kröfur ákvæða 4. og 6. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sbr. ÍST 150:2009 og TS 151:2009.

Stofnunin telur hins vegar að þótt staðsetning fjarskiptainntaks og húskassa sé ekki í samræmi við reglur og gildandi staðla að öllu leyti, að þá verði hins vegar að horfa til nokkurra þátta í þeim efnum. Í fyrsta lagi þá er að finna fyrrgreinda undantekningu í 1. kafla TS 151:2009, þess efnis að *verkkaupa sé í sjálfsvald sett hversu útarlega tæknireglunum sé fylgt* við uppbyggingu fjarskiptakerfis hans. Felur umrædd undantekning það í sér, að mati stofnunarinnar, að heimilt sé að víkja frá gildandi staðli og reglum með því skilyrði að verkkaupi veiti *upplýst samþykki* sitt fyrir slíkum frávikum, að því gefnu að ekki sé um nýbyggingu að ræða. Í öðru lagi verður að horfa til þess, að mati stofnunarinnar, að um eldri byggingu er að ræða, þar sem kröfur um búnað og lagnaleiðir miðast við tækni þess tíma sem byggt var, sem kunni að leiða til þess að erfitt sé eða mjög kostnaðarsamt að fylgja staðlinum eða reglunum eftir í hvívetna.

Með hliðsjón af ofangreindu er það því niðurstaða PFS að þrátt fyrir að inntak ljósleiðara fyrir umræddar íbúðir og staðsetning húskassa sé ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur og staðla, þá sé ekkert því til fyrirstöðu að samþykkis sé aflað eftir á eða að gerðar séu breytingar á núverandi fyrirkomulagi innanhússlagnanna sem aðilar þessa máls verða ásáttir um.

Ákvörðunarorð

Vísað er frá kröfu samkvæmt 6. tölulið í kröfugerð kvartanda, [...],[...]í Reykjavík.

Með vísan til 3. töluliðar í kröfugerð kvartanda er inntak ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur fyrir íbúðir að [...] í Reykjavík og staðsetning húskassa, sem tengja skal við hvert inntak, ekki í samræmi við kröfur ákvæða 4. og 6. gr. reglna Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.

Með vísan til 1.-2. og 4. töluliðar í kröfugerð kvartanda telur Póst- og fjarskiptastofnun að ekki liggi fyrir upplýst samþykki húseigenda að [...] í Reykjavík um frávik frá reglum Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1109/2006, um innanhússfjarskiptalagnir, varðandi staðsetningu og frágang innanhússfjarskiptalagana.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að uppsetning og frágangur á innanhússfjarskiptalögnum fyrir íbúðir að [...] í Reykjavík, sem framkvæmd var á vegum Gagnaveitu Reykjavíkur, hafi að mörgu leyti verið ábótavant. Með vísan í 7. – 8. töluliði í kröfugerð kvartanda, sbr. og grundvelli 8. mgr. 5. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, mælir stofnunin fyrir um að Gagnaveita Reykjavíkur geri eftirfarandi úrbætur:

- a. Bæta skal úr þéttingum á götum í gegnum brunaveggi með viðurkenndu brunavarnarefni í [...], sbr. TS 151:2009, gr. 4.3., ef svo hefur ekki þegar verið gert.
- b. Merkja skal strengi og búnað í samræmi við TS 151:2009, gr. 4.6. Er hér átt við bílageymslu þar sem borað er á milli bílageymslu og [...] og merkingu á ljósleiðarastrengi í rafmagnstöflu [...].
- c. Beygjuradíusar á strengjum sem eru undir settum mörkum framleiðanda skv. úttektarskýrslu Rafskoðunar, skulu lagfærðir í bílageymslu og sameign [...], sbr. TS 151:2009, gr. 4.7.
- d. Gerðar skulu úrbætur þar sem áverkahætta er á strengjum í bílageymslu, sbr. á streng fyrir [...]. Ennfremur þar sem ljósleiðarstrengir liggja inn í rafmagnstöflu í [...] og þar sem strengir liggja frá ljósleiðarakassa í símainntak í sameign að [...], sbr. TS 151:2009, gr. 4.2.
- e. Færa skal ljósleiðarakassa út úr rafmagnstöflum og gera skal viðeigandi ráðstafanir þar sem ljósleiðarastrengir fara inn í rafmagnstöflu, í sameignum að [...]. Einnig skal merkja strengi í ljósleiðarakassa sbr. TS 151:2009, gr. 4.6.

Gagnaveita Reykjavíkur er heimilt að semja við húseigendur að [...] um að takmarka framangreindar úrbætur, að undanskildum a.- og e.- liðum er varða lágmarkskröfur til öryggis, en ella skal þeim lokið fyrir 15. nóvember nk. Aðrar úrbætur sem Gagnaveita Reykjavíkur er skylt að gera eða hefur þegar fallist á að gera samkvæmt gögnum málsins skal vera lokið innan sama frests.

Gagnaveitu Reykjavíkur skal gert að greiða kostnað vegna úttektar Rafskoðunar ehf, að upphæð kr. [...], með vsk., sbr. 11. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 20. september 2012

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Guðmunda Áslaug Geirsdóttir

Viðauki 1

Hér fyrir neðan gefur að líta á kort af [...]. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að bílageymslan, sem sést á miðju kortinu, tilheyri húseigninni nr. [...] þá eru það einungis hús nr. [...] sem tengd eru þeim innanhússlögnum sem mál þetta varðar. Líkt og sjá má hafa lagnaleiðirnar fyrir [...] verið merktar inn á, til skýringar.

